

# ÁRSSKÝRSLA 2015



Samtök  
iðnaðarins

# Ársskýrsla 2015

---

Innan Samtaka iðnaðarins eru um 1400 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda. Þau eru ólík innbyrðis, hvort sem litið er til stærðar, framleiðslu eða markaða. Þessi mikla fjölbreytni gerir starfið í senn vandasamt og nauðsynlegt. Þess er gætt að leggja áherslu á það sem er sameiginlegt en um leið er hlúð að því sértæka. Þetta hefur tekist með svo farsælum og árangursríkum hætti að Samtök iðnaðarins eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda í landinu.

Samtök iðnaðarins vinna að hagsmunum iðnaðarins á öllum sviðum í nánu samráði við fyrirtækin sjálf.

---



Mikill kraftur einkennir starf Samtaka iðnaðarins. Við erum samfélag 1.400 fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum víðsvegar um landið. Verkefni okkar er að tryggja þeim öllum sem best starfsskilyrði óháð staðsetningu og starfsgrein. Það er krefjandi áskorun enda eru hagsmunir fyrirtækjanna og starfsumhverfi margþætt. Starfið leiðir öflug og fjölbreytt stjórn samtakanna ásamt afburðahæfu starfsfólki sem stendur vaktina frá degi til dags. Samtökin ná árangri og hafa öfluga rödd í samfélaginu sem á er hlustað. Í því liggur styrkur okkar.

Nú í upphafi árs 2016 eru mörg jákvæð teikn á lofti. Hagvöxtur er góður, atvinnuleysi með minnsta móti, verðbólga lág og kaupmáttur vex mikið. Það er kraftur í atvinnulífinu og kærkominn uppgangur á flestum sviðum. Fyrirtækin okkar hafa sýnt seiglu og dug, útsjónarsemi og nýsköpun og uppskera nú eins og til hefur verið sáð. Efnahagskreppa getur nefnilega verið mikilvæg uppspretta hugmynda og hagræðingar sem við njótum nú góðs af.

Segja má að líðandi starfsár hafi einkennst öðru fremur af hörðum átökum á vinnumarkaði. Kröfur launþega voru langt umfram getu atvinnulífsins og mikil harka einkenndi vinnumarkaðinn. Allt stefndi í einhver mestu átök í yfir tuttugu ár. Betur fór en á horfðist og tókst að afstýra því að atvinnulíf í landinu stöðvaðist að mestu en kostnaðurinn við þá aðgerð er gríðarlegur. Það er öllum ljóst að þessir samningar eru ekki auðveldir í framkvæmd. Eina leiðin til að mæta þeim hækkunum án þess að verðlag fari úr böndunum er að framleiðni og verðmætasköpun vaxi að sama skapi. Grunnur að því er nýsköpun og vaxandi hæfni starfsfólks. Það er ekki tilviljun að þessi atriði eru leiðarstef í stefnu Samtaka iðnaðarins – langflest verkefni sem samtökin vinna að hverfast með einum eða öðrum hætti í kringum menntun, framleiðni og nýsköpun.

Við búum og störfum í samfélagi sem breytist hratt. Við stöndum frammi fyrir örur tæknibreytingum og krefjandi áskorunum varðandi breytingar á samsetningu vinnuafis. Íslenska þjóðin er að eldast. Við lifum lengur og eignumst færri börn. Fjölmening er orðin staðreynd í íslensku samfélagi og stór hluti þeirra sem koma nýir inn á vinnumarkaðinn eru erlendis frá. Án alls þess liðsauka myndi efnahagslífið ekki þola þau auknu umsvif sem einkenna hagkerfið um þessar mundir.

## Ávarp formanns SI



Í íslensku atvinnulífi leynast kraftar sem eiga eftir að springa út af enn meira afli. Þegar við bætast ferskar og nýjar hugmyndir fólks sem hingað kemur verður útkoman án efa sú að Ísland skipar sér sess meðal fremstu þjóða í heiminum.

*Guðrún Hafsteinsdóttir*

Formaður Samtaka iðnaðarins

Mars 2016

Útgefandi: Samtök iðnaðarins,  
Borgartúni 35, 105 Reykjavík

Sími 591 0100, mottaka@si.is, www.si.is

Ábyrgðarmaður: Almar Guðmundsson

Ritstjórn: Rakel Pálsdóttir og Viktoría Ólafsdóttir

Ljósmyndir: Odd Stefán

Forsíðuhönnun: Hvíta húsið

Umbrot: Sigrún K. Árnadóttir

Prentun: Prenttækni ehf.

# Stjórn Samtaka iðnaðarins 2016

Stjórn og varastjórn Samtaka iðnaðarins er skipuð þremur konum og sjö körlum úr röðum félagsmanna. Þau bera ábyrgð á stefnumörkun og áherslu í starfinu en framkvæmdastjóri og starfsfólk sjá um nánari útfærslu og framkvæmd. Stjórnin kom saman til 13 formlegra stjórnarfunda. Reglur um stjórnarsetu eru þannig úr garði gerðar að sífelld endurnýjun á sér stað innan stjórnarinnar en einn helsti styrkur SI er að enginn getur setið þar lengur en í sex ár. Þá þarf hver stjórnarmaður að fá endurnýjað umboð á tveggja ára fresti en formaður árlega.



**Guðrún Hafsteinsdóttir** formaður  
Kjörís



**Bolli Árnason**  
GT tækni



**Eyjólfur Árni Rafnsson**  
Mannvit



**Gylfi Gíslason**  
JÁVERK



**Jón Gunnar Jónsson** varamaður  
Actavis á Íslandi



**Katrín Pétursdóttir**  
Lýsi



**Lárus Andri Jónsson** varamaður  
Rafþjónustan



**Ragnar Guðmundsson**  
Norðurál



**Sigsteinn P. Grétarsson**  
Marel



**Vilborg Einarsdóttir**  
Mentor

## Stjórnarkjör

Stjórnarkjör fór fram á aðalfundi SI. Kjörið fór fram með netkosningu og úrslit kynnt á Iðnþingi. Vægi félagsmanna tekur mið af félagagjöldum. Guðrún Hafsteinsdóttir var endurkjörin formaður Samtaka iðnaðarins. Alls gáfu níu kost á sér til almennrar stjórnarsetu og hlutu þessi flest atkvæði: Gylfi Gíslason, JÁVERK, Katrín Pétursdóttir, Lýsi, Lárus Jónsson, Rafþjónustan, Ragnar Guðmundsson, Norðurál og Jón Gunnar Jónsson, Actavis.

## Ráðgjafaráð

Þau fjögur sem komu næst að atkvæðatölu eru kjörin til setu í ráðgjafaráði Samtaka iðnaðarins til eins árs og eru jafnframt varamenn í stjórn samtakanna. Það eru Agnes Ósk Guðjónsdóttir, GK snyrtistofa, Ágúst Andrésson, kjötafurðastöð KS, Gestur G. Gestsson, Advania og Gunnar Tryggvi Halldórsson, SAH afurðir.

# Breytingar innan SI

Samtök iðnaðarins hafa á árinu verið í markvissri vinnu við að breyta skipulagi og skerpa á stefnu samtakanna. Hluti af því ferli var að mynda þrjú ný svið innan samtakanna, Hugverka- og þjónustusvið, Bygginga- og mannvirkjasvið og Framleiðslu- og matvælasvið. Einnig var sett í loftið um haustið ný heimasíða samtakanna.

Með myndun þriggja sviða innan samtakanna er betur hægt að raða saman fyrirtækjum eftir starfsemi og markvissara hægt að vinna að þörfum þeirra og málefnum.

## Hugverka- og þjónustusvið

Tækni- og hugverkafyrirtæki sem oft eru flokkuð sem annar iðnaður afla í dag um 22% af gjaldeyrstekjum þjóðarinnar. Lausnir tækni- og hugverkaiðnaðarins eru til hagsbóta í öllum atvinnugreinum og auka verðmætasköpun og gæði. Undir þessu sviði eru átta samtök tækni- og hugverkafyrirtækja, Tannsmíðafélag Íslands og Þrýði sem er samstarfsvettvangur sex fagfélaga þjónustugreina.

## Bygginga- og mannvirkjasvið

Mannvirkjagerð er mikilvæg uppspretta atvinnu og verðmætasköpunar fyrir íslensku þjóðina en ársverk í mannvirkjagerð hafa verið á bilinu 11.500 - 12.500 á undanförunum árum. Fjögur félög eru undir þessu sviði auk Meistaradeildar SI sem samanstendur af 11 félögum iðnmeistara.

## Framleiðslu- og matvælasvið

Íslenskt samfélag nýtur góðs af verðmætasköpun í framleiðslu- iðnaði. Verðmæti seldra framleiðsluvara hefur aukist umtalsvert síðasta áratuginn og er nú á bilinu 700-800 milljarðar á ári. Framleiðsla á matvælum og drykkjarvörum vegur þar þyngst. Undir þessu sviði er að finna tólf félög og flokkun fyrirtækja.

# Starfsmannabreytingar

Þrjár öflugar konur voru ráðnar til starfa hjá Samtökum iðnaðarins á árinu, Elínros Líndal Ragnarsdóttir, Björg Ásta Þórðardóttir og Jóhanna Klara Stefánsdóttir.

Elínros er með BA gráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands og MBA gráðu í stjórnun og fyrirtækjarekstri frá Háskólanum í Reykjavík. Hún tók við nýrri stöðu sem viðskiptastjóri á Hugverka- og þjónustusviði.

Björg Ásta lauk mastersprófi í lögfræði frá HÍ og starf hennar sem lögfræðingur SI felst í ráðgjöf og aðstoð við félagsmenn, svo sem varðandi iðnlöggjöf, vinnurétt, fyrirtækjalöggjöf, samkeppnislög, útboðslög, ábyrgðarmál og verksamninga.

Jóhanna Klara var ráðin sem viðskiptastjóri á Framleiðslu- og matvælasvið SI. Hún lauk grunn- og meistaranámi í lögfræði í Háskólanum í Reykjavík og stundar nú nám í APME verk-efnastjórnun.

Þóra Ólafsdóttir lét af störfum í móttöku og umbroti eftir 30 ára starfsferil í iðnaðinum, en hún hóf störf hjá Félagi íslenskra iðnrekenda í janúar 1985. Samtökin óska þóru alls hins besta í framtíðinni og þakka henni um leið fyrir góð störf.

## Meistaraneimar

Samtök iðnaðarins vilja leggja sitt af mörkum til að efla menntun fyrir atvinnulífið og sem liður í menntastefnu samtakanna eru reglulega ráðnir inn starfsmenn sem sinna þar fjölbreyttum störfum. Samtök iðnaðarins hafa fengið til sín í starfsþjálfun sex meistaraneima á árinu, Hlyn Magnússon, Loft Hreinsson, Magnús Kára Ingvarsson, Ingu Valgerði Stefánsdóttur, Höllu Kristínu Guðfinnsdóttur og Viktoríu Ólafsdóttur.



Elínros Líndal Ragnarsdóttir



Björg Ásta Þórðardóttir



Jóhanna Klara Stefánsdóttir



Þóra Ólafsdóttir



# Ályktun lönpings 2015

## Iðnaður í fararbroddi drifinn áfram af stöðugri aukningu í menntun, nýsköpun og framleiðni

Mikilvægasta hagsmunamálið íslensks iðnaðar er að tryggja samkeppnishæfni. Það gerist best á grundvelli hagstæðra starfsskilyrða, menntunar, nýsköpunar og fjárfestinga. Um leið skapast nauðsynleg skilyrði til aukinnar framleiðni sem er grunnur að meiri verðmætasköpun og velmegun.

Fjármagnshöft hafa stuðlað að stöðugleika krónunnar en halda aftur af framþróun atvinnulífs að öðru leyti. Höftin hefta og standa bæði í vegi fyrir fjárfestingu á Íslandi og þátttöku íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum mörkuðum. Afnámi hafta er því algert forgangsmál.

Vextir þurfa lækka strax. Nú eru öll skilyrði til staðar til þess. Fjármagnskostnaður íslenskra fyrirtækja er afar hár og búa þau við umtalsvert hærra vaxtastig en alþjóðlegir keppinautar sem veikir samkeppnishæfni þeirra. Nauðsynlegt er að stuðla að heilbrigðara fjármálaumhverfi ekki síst til að örva nýsköpun og fjárfestingar.

Fjárfesting er drifkraftur langtíma hagvaxtar. Skortur er á fjárfestingu í landinu og er hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu enn allt of lágt. Stórauka þarf fjárfestingar í hvers konar innviðum en stöðnun hefur ríkt á þessu sviði í sjö ár. Nauðsynlegt er að nýta fjölbreyttari fjármögnunarleiðir þegar kemur að slíkum fjárfestingum. Atvinnuvegafjárfesting þarf einnig að stórukast. Afar mikilvægt er að flokkun virkjanakosta í rammaáætlun fylgi faglegu ferli og meiri fyrirsjáanleiki einkenni ferlið.

SI fagna afnámi vörugjalda sem var mikilvægt og afgerandi skref í skattamálum. Ná þarf fleiri áföngum til einföldunar og lækkunar skatta. Lækkun tryggingagjalds í takt við minnkandi atvinnuleysi er forgangsmál. Til að fjölga áfram störfum og skapa svigrúm atvinnulífs til launahækkana verður gjaldið að lækka.

Frjáls og óhindruð viðskipti og aðgangur að erlendum mörkuðum er lífæð íslenskra fyrirtækja. EES-samningurinn skiptir þar sköpum en óvíst er hvort hann einn þjóni hagsmunum okkar til lengri tíma litið. Nauðsynlegt er að tryggja að framhald aðildarviðræðna við ESB verði lagt í dóm þjóðarinnar.

## Menntun er forsenda bættra lífsskjara

Vel menntað starfsfólk á öllum sviðum er forsenda framleiðni-aukningar og velferðar.

Mikið hefur áunnist í fjölgun háskólamenntaðs fólks á sviði raungreina og tækni. Sú þróun þarf að halda áfram.

Skortur er á iðn- og verkmenntuðu fólki. Á Íslandi innritast of fáir nemendur í starfsnám, hlutfallslega færri en í nágrenna-löndum okkar, og margir ljúka ekki námi á tilsettum tíma. Þessu þarf að breyta. Einungis 12% grunnskólanema völdu starfsnám að loknu grunnskólaprófi síðastliðið haust. Árið 2030 viljum við að þetta hlutfall verði komin í 30%.

Skapa þarf hvata fyrir iðnrekendur til að leggja sitt af mörkum við menntun iðnnema. Þannig byggjum við upp þekkingarfyrirtæki í iðnaði sem njóta bæði reynslu eldri og reyndari starfsmanna og nýrrar og frjórrar hugsunar iðnnema.

Tryggja þarf aðkomu iðnaðarins með formlegum hætti að stefnumótun menntamála, við gerð námskráa og ákvörðun á inntaki starfsnáms.

## Nýsköpun styrkir framþróun

Ástæða er til að fagna því að stórauknu fé er og verður veitt til samkeppnissjóða á sviði rannsókna og þróunar. Eins er ánægjuefni að æ fleiri nýsköpunarsjóðir hafa skotið upp kollinum og mun meira fjármagn leitar í nýsköpunarverkefni en áður.

Mikilvægt er að hvetja til nýsköpunar- og klasasamstarfs fyrirtækja í ólíkum greinum. Þannig má leysa úr læðingi áður óvirkjaða hvata til nýsköpunar og framþróunar.

Hið opinbera kostar stóran hluta af þeirri þjónustu sem landsmönnum er veitt. Mikilvægt er að ný hugsun og eðlilegir samkeppnishvatar skjóti rótum og að hið opinbera dragi sig út úr samkeppnisrekstri þar sem því verður komið við. Dregið verði úr innvistun verkefna opinberra stofnana svo kraftar einkarekstrar fái að njóta sín. Á þann hátt eru heildarhagsmunir best hafðir að leiðarljósi.

Ísland hefur staðið sig þokkalega í nýsköpun í samanburði við önnur lönd - ætli það megi ekki segja að við séum að spila um miðja deild. En við megum svo sannarlega setja markið hærra. Samtök iðnaðarins hafa sett sér þá stefnu að á næstu árum komist Ísland í flokk þeirra fimm Evrópuþjóða sem leiða þennan lista.

## Aukin framleiðni er grunnur verðmætasköpunar

Sjálfbær hagvöxtur, aukinn kaupmáttur og bætt lífsskjör munu til lengdar grundvallast á aukinni framleiðni. Í dag er framleiðni á Íslandi talsvert undir meðaltali OECD-ríkjanna. Árlegur raunvöxtur hefur verið um 1,3% undanfarin ár en við vegum upp á móti lágri framleiðni með mikilli vinnu.

Ef við ætlum okkur að vera í fremstu röð og standast samkeppni við aðrar þjóðir þarf framleiðnivöxtur okkar að vera umtalsvert meiri. Með hagfelldum starfsskilyrðum og vel menntuðu starfsfólki, sem drifið er áfram af nýrri hugsun, má tryggja stöðu Íslands í fremstu röð. Við getum gert miklu betur.

# Fjölbreyttir fundir og ráðstefnur



Samtök iðnaðarins hafa efnt til fjölda opinna funda og ráðstefna víða um land á liðnu starfsári. Viðfangsefni þeirra eru margvísleg og spanna breitt svið. Auk eigin funda og viðburða tóku SI einnig þátt í ýmsum uppákomum í samvinnu við aðra aðila.

## Allar á iði - aðventugleði kvenna í iðnaði

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins, bauð í annað sinn konum í iðnaði til aðventugleði 27. nóvember. Fundurinn var með léttu yfirbragði en markmiðið var að konur, sem starfa í iðnaði, hittist til að ræða saman og tengjast. Þrjár kraftmiklar konur fluttu stutt og skemmtileg erindi sem tengdust starfi þeirra og starfsframa. Allar konur í fyrirtækjum SI voru boðnar velkomnar.

## Iðnþing SI - Erum við tilbúin fyrir næstu iðnbýltingu?

Þingið var einstaklega vel heppnað en um 330 manns mættu og hlustuðu á fjörlegar umræður leiðtoga fyrirtækja, sérfræðinga og ráðherra um samkeppnishæfan iðnað á grunni menntunar, nýsköpunar og framleiðni.

Að venju var aðalfundur SI haldinn að morgni sama dag.

## UT messan 2015

Um 9000 manns sóttu opið hús UT messunnar sem haldin var í fimmta sinn í Hörpu í byrjun febrúar. Þar af sóttu um þúsund manns fagráðstefnu á föstudag og hafa aldrei verið fleiri þátttakendur. Markmið UT messunnar er að sýna hve stór og fjölbreyttur tölvugeirinn á Íslandi er í þeim tilgangi að fjölga þeim sem velja tölvu- og tæknigreinar sem framtíðarstarfsvettvang. Skýrslutæknifélagið (Ský) stendur að UT messunni í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands og Samtök iðnaðarins.

## Dagur íslensks prentiðnaðar

Í byrjun febrúar stóðu IÐAN fræðslusetur, Félag bókagerðarmanna og Samtök iðnaðarins, fyrir Degi íslensks prentiðnaðar. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi dagur er haldin undir þessu

nafni en áður hefur verið boðið upp á svokallaða Prentmessu. Á þessum degi hittist starfsfólk í prentútgáfu og hönnunar-iðnaði til að fræðast og skemmta sér saman. Í boði voru fjölmargir fyrirlestrar og örnámskeið fyrir gesti.

## Umhverfisdagur atvinnulífsins

Umhverfisdagur atvinnulífsins var haldinn í fyrsta skipti og að deginum stóðu Samtök atvinnulífsins, Samorka, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu. Sjálfbær nýting auðlinda var í kastljósinu en fyrri hluti dagsins var helgaður sameiginlegri dagskrá en seinni hluti málstofum hverra samtaka. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti Umhverfisverðlaun atvinnulífsins. Steinull hf. á Sauðárkróki er umhverfisfyrirtæki ársins 2015 og uppbygging Orku náttúrunnar á hraðhleðslustöðvum fyrir rafbíla er framtak ársins 2015 á sviði umhverfismála.

## Tækni- og hugverkabing

Tækni- og hugverkabing var haldið undir kjörorðinu „Aðlaðandi Ísland fyrir fólk og fyrirtæki í nýsköpun“. Þingið var það sjötta í röð sambærilegra þinga sem haldin hafa verið annað hvert ár frá 2005. Kynnt voru tíu áhersluverkefni sem tækni- og hugverkageirinn kom sér saman um að setja í forgang í stefnumótun sl. sumar. Meðal ræðumanna voru Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra sem greindu frá mikilvægum aðgerðum til að bæta starfsumhverfi tækni- og hugverkageirna.

## Fundaröð um framleiðni

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir fundum um framleiðni annan hvern fimmtudag. Mikilvægur þáttur í því að auka framleiðni í fyrirtækjum snýr að einföldum umbótum. Tilgangurinn með fundaröðinni var að skapa vettvang fyrir flæði hugmynda milli fyrirtækja enda vinna nú SI nú að framleiðniaukningu með áherslu á skilvirkt rekstrarumhverfi, þróun og fræðslu. Meðal umfjöllunarefnis var framleiðslustjórnun og mælingar, gæðastjórnun í framleiðslu, mannauður fyrirtækja, áskoranir í aðfangastjórnun, sjálfvirkni í framleiðslu, greining framleiðslukostnaðar og umbúðalausnir.

## Morgunfundur SI með fulltrúum Rannís og Tækniþróunarsjóðs

Samtök iðnaðarins boðuðu til kynningarfundar fyrir félagsmenn SI með fulltrúum Tækniþróunarsjóðs og Rannís. Fulltrúar Rannís kynntu drög að nýrri stefnumótun sjóðsins og fjölluðu um umsókna- og matsferli sjóðsins.

## Menntadagur atvinnulífsins

Menntadagur atvinnulífsins er samstarfsverkefni SAF, SFF, SFS, Samorku, SI, SVÞ og SA og var haldinn í annað sinn í febrúar. Af því tilefni efndu samtök í atvinnulífinu til ráðstefnu þar sem fjallað var um deigluna í menntakerfinu, breytingar



á starfsnámi, framlag fyrirtækja til menntamála og ávinning af menntun. Þá voru haldnar menntastofur, þar sem samtökin kynntu áherslur sínar í menntamálum. Menntaverðlaun atvinnulífsins voru veitt í annað sinn fyrirtækjum sem hafa staðið sig vel á sviði fræðslu- og menntamála. Marel hlaut að þessu sinni Menntaverðlaun atvinnulífsins 2015. Sprotaverðlaunin hlaut Síldarvinnslan á Neskaupstað.

## Hugmyndafundur um lausn við húsnæðisvandann

Yfirskrift fundarins var „Vandað, hagkvæmt, hratt“ en á fundinum kom fram að húsnæðismálin væru eitt mest aðkallandi mál sem Íslendingar stæðu nú frammi fyrir. Það voru ráðuneyti húsnæðismála, umhverfismála og iðnaðar ásamt undirstofnunum og Samtökum iðnaðarins sem stóðu að fundinum og verkefninu í heild. Nokkur hundruð manns mættu, meðal annars allir helstu hagsmunaaðilar, svo sem verktakar, forsvarsmenn leigufélaga, sveitastjórnarmenn, forsvarsmenn ríkisstofnana, arkitektar, starfsmenn fjármálafyrirtækja og aðilar frá hagsmunasamtökum.

## Útboðsþing 2015

Árlegt útboðsþing SI um verklegar framkvæmdir var haldið í enda febrúar. Fundasalurinn var þétt setinn að vanda þegar Reykjavíkurborg, Landsvirkjun, OR Veitur, Orka náttúrunnar, Gagnaveita Reykjavíkur, Framkvæmdasýsla ríkisins, Faxaflóahafnir, Kópavogsbær, Vegagerðin, Landsnet, HS orka o.fl. kynntu fyrirhugaðar verklegar framkvæmdir. Heilt yfir má ráða af kynningum á þinginu að framkvæmdastig sé að aukast jafnt og þétt sem eykur mönnum í mannvirkjagerð bjartsýni.

## Lunch code

Samtök upplýsingafyrirtækja (SUT) stóð fyrir léttum hádegisverðafundum þriðja hvern fimmtudag í Gamla bíó. Alls voru þrjár fundir haldnar. Fjallað var um hvort tæknifólk sé skapandi, konur í UT og hlutverk Tæknipróunarsjóðs í nýsköpun UT fyrirtækja. Fleiri fundir eru á dagskrá og þá má finna inn á vef SI undir atburðir.

## Kynningarfundur um öryggisblöð

Umhverfisstofnun boðaði til kynningarfundar í samstarfi við Samtök iðnaðarins þar sem farið var yfir helstu kröfur sem gerðar eru við samantekt öryggisblaða og hvað íslenskir birgjar þurfa helst að hafa í huga og hvernig eftirliti Umhverfisstofnunar er háttað.

## Kynningarfundur um strikamerkið Databar

Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu og GS1 stóðu fyrir kynningarfundum um strikamerkið Databar. Databar er ný tegund strikamerkis sem getur geymt mun meiri upplýsingar en strikamerkið sem nú er í notkun hér á landi. GS1 hefur haft þetta strikamerki til skoðunar í þó nokkur ár og hefur að undanförunni verið að prófa sig áfram með notkun þess í samstarfi við Reykjaröð.

## Fundur fólksins - Tjald atvinnulífsins

Á fundi fólksins var markmiðið að hvetja til opinna skoðanskipta milli almennings, stjórnmalamanna og frjálsra félagsamtaka. SA, SI SAF, SVÞ, SFF, SFS, Frumtak, Samtök álfra-leiðenda og Litla Ísland reistu Tjald atvinnulífsins og buðu upp á 23 spennandi viðburði á þremur dögum. Umhverfismál,

menntamál, tölvuglæpir, Litla Ísland, fjarskiptabyltingin, markaðsmál og viðskiptafrelsi var meðal þess sem fjallað var um.

## Matvælalandið Ísland

Samstarfshópur um Matvælalandið Ísland efndi til ráðstefnu undir yfirskriftinni „Útflutningur – til mikils að vinna“. Markmiðið með ráðstefnunni var að vekja athygli á tækifærum til aukinnar verðmætasköpunar í matvælagæiranum með útflutningi, miðla reynslu og hvetja þannig fleiri til að vinna með markvissum hætti að því að sækja á erlendan markað með matvælaafurðir. Um 150 manns sótti ráðstefnuna og lýstu margir ánægju sinni með þetta framtak. Að Matvælalandinu standa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Bændasamtök Íslands, Íslandsstofa, Matis, SAF, SFS, SI og fyrirtæki í þessum samtökum.

## Menntun og mannauður

Fundaröð um mennta- og mannauðsmál sem aðildarfélag SA í Húsi atvinnulífsins stóðu fyrir. Meðal umfjöllunarefnis voru mælingar í mannauðsstjórnun og Áttin sem er ný sameiginlega vefgátt fræðslusjóða.

## Opinn fundur um íbúðamarkaðinn - Mætum þörfinni

Á fundinum var ný greining SI á íbúðamarkaði kynnt, þar sem m.a. var lagt mat á þörf fyrir íbúðir og að hversu miklu leyti framboð íbúða mætir henni. Fundurinn var haldinn bæði í Reykjavík og Akureyri.

## Málþing um betri byggingar og bættu heilsu

Loftgæði á heilbrigðisstofnunum, vinnustöðum og heimilum hafa verið í brennidepli að undanförunni og talsverðar umræður skapast um viðhald bygginga og þörf fyrir endurnýjun þeirra. Samtök iðnaðarins ásamt fjölmörgum öðrum aðilum stóðu að málþinginu.

## Verklegar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli

ÍSAVÍA og Samtök iðnaðarins efndu til kynningarfundar um fyrirhugaðar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Kynnt var þróunaráætlun ÍSAVÍA allt til ársins 2040. Einnig voru kynntar framkvæmdir og verkefni sem voru ákveðin og ráðist verður í á næsta ári. Verkefnin snerta flest svið mannvirkjagerðar svo sem á sviði arkitektúrs, verfræðiráðgjafar, rafverktöku, jarðvinnu og byggingastarfsemi.

## SME week - ráðstefna um frumkvöðla og fjármagn

European SME Week er haldin á hverju ári í 37 löndum til að stuðla að frumkvöðlastarfsemi og kynna stuðning og þjónustu sem í boði er fyrir lítil- og meðalstór fyrirtæki (SME's). Að þessu sinni var boðið til ráðstefnu um mismunandi viðskiptalíkon við uppbyggingu nýsköpunarfyrirtækja og ræddar voru kröfur frumkvöðla og fjárfesta við inn- og útgöngu með tilliti til árangurs.

# Sterkur bakhjarl

Samtök iðnaðarins standa fyrir margs konar viðburðum og styrkja verkefni í samstarfi við aðra í þeim tilgangi að styðja fjölbreytt málefni sem varða hag íslensk iðnaðar.

## Skúlaverðlaunin 2014

Skúlaverðlaunin eru veitt fyrir besta hlutinn í sýningunni Handverk og hönnun. Samtök iðnaðarins gefa verðlaunin sem kennd eru við Skúla Magnússon, fólga, frumkvöðul smáíðnaðar í Reykjavík. Almar Guðmundsson, framkvæmdarstjóri SI, afhenti Philippe Ricart verðlaunin fyrir handofið teppi úr íslenskri ull.

## Local Food matarmenningarhátíð

Hátíðin er haldin annað hvert ár á Akureyri og tók við af sýningunni Matur-Inn sem var haldin síðast árið 2013. Samtök iðnaðarins eru meðal styrktaraðila hátíðarinnar en aðalmarkmiðið með henni er að kynna norðlenskan mat og matarmenningu.

## Fjöreggið 2015

Fjöreggið var afhent á Matvæladegi MNÍ í október. Yfirskrift ráðstefnunnar var: Hvaða efni eru í matnum? Vitum við það? Bryn þörf á gagnagrunnum og viðhaldi þeirra. Ragnheiður Héðinsdóttir, forstöðumaður matvælasviðs SI afhenti fyrirtækinu Móður jörð Fjöreggið við hátíðlega athöfn en verðlaunin eru veitt fyrir lofsvert framtak á matvæla- og næringarsviði.

## Hönnunarverðlaun Íslands

Hönnunarverðlaun Íslands voru afhent í annað sinn við hátíðlega athöfn á Kjarvalsstöðum. Verkefnið sem þótti skara fram úr að mati dómnefndar og hlaut Hönnunarverðlaun Íslands 2015 var Sýningin Eldheimar – gosminjasýning í Vestmannaeyjum. Einnig var veitt viðurkenning fyrir bestu fjárfestingu í hönnun 2015 og hlaut heilbrigðistækniyrirtækið Össur þau verðlaun. Hönnunarmiðstöð Íslands stendur að verðlaununum í samstarfi við Hönnunarsafn Íslands, Listaháskóla Íslands, Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins.

## Fast 50 og Rising star

Deloitte í samstarfi við FKA, SI og NMÍ kynnti Fast 50 listann og valin voru svokölluð Rising Star fyrirtæki þar sem skapaður er vettvangur til að vekja athygli á starfsemi tækniyrirtækja sem hvorki hafa náð fjögurra ára aldri né veltu sem samsvarar 800 þús. EUR. Alls sóttu 24 fyrirtæki um og valdi dómnefndin sex fyrirtæki til að halda stutta kynningu á viðskiptahugmynd sinni.

## BOXID – Framkvæmdakeppni framhaldskólanna

BOXID – framkvæmdakeppni grunnskólanna er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Háskólans í Reykjavík og Sambands íslenskra framhaldskólanna. Markmið með Boxinu er að kynna og vekja áhuga nemenda í framhaldsskólum á verk- og tækninámi og fjölbreyttum störfum í iðnaði. Átta lið fóru á milli brauta og leystu ólíkar þrautir á hverjum stað en fyrirtæki úr ólíkum greinum iðnaðarins hönnuðu þær í samstarfi við fræðimenn Háskólans í Reykjavík. Fyrirtækin sem komu að gerð þrautanna eru Betware, Ístak, Marel, Mentor, Promens, Ölgerðin, og Össur

## Team Spark

Samtök iðnaðarins hafa gerst bakhjarl Team Spark en undirritun fór fram á UT messunni í byrjun febrúar. Team Spark er lið verkfræðinema við Háskóla Íslands sem hanna og smíða rafkappakstursbíla til keppni á alþjóðlegum vettvangi í „Formula Student“ keppninni þar sem lið frá mörgum af bestu tækniháskólum heims keppast um að smíða besta kappakstursbílinn.

## Vaxtarsprotinn 2015

Vaxtarsprotinn er viðurkenning sem veitt er á vegum Samtaka sprotafyrirtækja innan Samtaka iðnaðarins, Rannsóknarmiðstöðvar Íslands og Háskólans í Reykjavík. Tilgangurinn er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja. Í ár var það fyrirtækið Kvikna ehf. sem hlaut Vaxtarsprotann. Fyrirtæk-

in Valka og Meniga fengu einnig viðurkenningu fyrir góðan vöxt.

## Viðurkenning fyrir bestu markaðs- og aðgerðaráætlun

Á ársfundi Íslandsstofu hlaut fyrirtækið UNA skincare viðurkenningu fyrir bestu markaðs- og aðgerðaráætlun í útflutningsverkefninu: Útflutningsaukning og hagvöxtur (ÚH). ÚH verkefnið hefur það markmið að aðstoða fyrirtæki sem stefna á alþjóðamarkað við að gera markaðs- og aðgerðaráætlun. Samstarfsaðilar Íslandsstofu í verkefninu eru Samtök iðnaðarins, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Félag kvenna í atvinnulífinu og Landsbanki Íslands.

## Stelpur og tækni

Girls in ICT Day er hluti af alþjóðlegu átaki og haldið undir nafninu Stelpur og tækni. 100 stelpum í 9. bekk var boðið í vinnustofur í Háskólanum í Reykjavík og í fyrirtækjaheimsóknir. Skipuleggjendur dagskrárinnar eru Háskólinn í Reykjavík, Skýrslutæknifélag Íslands og Samtök iðnaðarins.

## Food and Fun

Matarhátíðin Food and Fun var haldin í fjórtánda sinn í mars. Af því tilefni fengu 20 veitingahús til sín erlenda matreiðslumeistara sem allir eiga það sameiginlegt að hafa vakið athygli fyrir framúrskarandi hæfileika í heimalandi sínu. Samtök iðnaðarins eru meðal bakhjarla Food and Fun.

## Íslenska ánægjuvogin

Niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar voru kynntar í febrúar og er þetta sextánda árið sem ánægja viðskiptavina íslenskra fyrirtækja er mæld með þessum hætti. Viðurkenning var afhent í þremur flokkum. Samtök iðnaðarins eru meðal styrktaraðila að Íslensku ánægjuvoginni.

## Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda (NKG) er hugmyndasamkeppni fyrir nemendur í 5. 6. og 7. bekk í grunnskóla.



BOXID - Framkvæmdakeppni framhaldsskólanna

Undirbúningur í skólum landsins fer fram samhliða skólaárinu. NKG hefst á haustin og lýkur á vorin með vinnusmiðju þar sem þátttakendur í úrslitum fá tækifæri til að útfæra hugmyndir sínar frekar með aðstoð leiðbeinenda frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Samtök iðnaðarins eru meðal bakhjarla keppninnar.

### Ecotrophelia Ísland

Ecotrophelia Ísland er hluti af alþjóðlegri keppni og er vöruþróunarkeppni meðal háskólanema sem felst í því að þróa vistvæna matvöru. Sigurvegarar keppninnar í ár voru þeir Christopher Melin og Páll Arnar með vöruna Fjöruna sem er þaramajónes. Samtök iðnaðarins er einn af styrktaraðilum keppninnar.

### Hönnunarmars

Hönnunarmars fór fram í sjöunda sinn dagana 13.-15. mars í Hörpu. Boðið var upp á ýmsa viðburði, innsetningar, og sýningar víðsvegar um borgina. Samtök iðnaðarins eru einn af bakhjörllum viðburðarins.

### Kortlagning byggingaferlis

Samtök iðnaðarins og Viðskiptaráð létu kortleggja byggingaferlið og komu með tillögur að einfaldara regluverki og breytttri stofnumgjörð sem kynntar voru opinberlega.

### Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru veitt árlega þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Samtök iðnaðarins eiga fulltrúa í stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna.

### Tækniáhugi

Verkefninu er ætlað að auka tækniáhuga ungs fólks en markmiðið er að sá frægum og byggja upp fjölbreyttari og frjórri mynd af tækni- og verkfræðigreinum og fjölga þeim sem velja að mennta sig og starfa á þessum vettvangi. Þór háskólanema af raunvísinda- og tæknisviði frá HR og HÍ heimsækja 1. bekk í framhaldsskóla, segja frá eigin vali og hvetja nemendur til dáða. SI hefur stýrt verkefninu í samvinnu við verkefnisstjóra frá HÍ og HR.

### Forritarar framtíðarinnar

Sjóðurinn Forritarar framtíðarinnar styrkir forritunarkennslu á grunn- og framhaldsskólastiginu og gera hollvinir samning árlega um framlag sitt. Skema í samvinnu við RB eru frumkvöðlar að því að stofna sjóðinn en í dag eru hollvinir sjóðsins auk þeirra Samtök iðnaðarins, Íslandsbanki, Nýherji, Advania, Cyan veflausnir, CCP, Landsbankinn, Össur, Síminn, Icelandair og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

### Gert - Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni

Verkefnið varð til árið 2012 að frumkvæði hópa innan SI til að opna augu skólastjórnenda fyrir mikilvægi þess að efla raun- og tæknigreinar innan grunn- og framhaldsskóla. Myndaður var starfshópur fulltrúa frá Samtökum iðnaðarins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Menntavísindasviði HÍ og Námsmatsstofnun. Ráðinn var verkefnastjóri sem hefur það hlutverk að miðla upplýsingum og tengja fyrirtæki, skóla og áhugaverð verkefni og kynna fyrir hagsmunaaðilum. Verkefnastjóri hefur aðsetur hjá SI.

### Verk- og tækninám nema hvað!

Vefsíða með kynningarmyndböndum sem sýna ungar iðnmenntaðar fyrirmyndir segja frá því hvernig námið hefur reynst þeim. SI senda upplýsingar á alla nemendur í 9. bekk og er markmiðið að styrkja ímynd verk- og tæknigreina og kynna þá möguleika sem í boði eru fyrir ungt fólk.

### Game Creator - Keppni um besta tölvuleikinn

Keppninni er ætlað að auka áhuga fólks á öllum aldri á tölvuleikjaiðnaði. Að keppninni standa IGI (Samtök leikjaframleiðenda innan SI) og Háskólinn í Reykjavík. Boðið er upp á vinnustofur þar sem grunnatriði tölvuleikjagerðar eru kennd og verðlaun veitt í þremur flokkum.



# Byggingar og mannvirki

Á Bygginga- og mannvirkjasviði fer fram öflugt starf í þágu fjölmargra fyrirtækja sem starfa innan mismunandi fagfélaga eða hópa.

Samtök arkitektastofa, Félag ráðgjafarverkfræðinga, Félag vinnuvélaeigenda, Mannvirki – Félag verktaka og Meistaradeild SI sem samanstandur af 11 félögum iðnmeistara.

Félag blikksmiðjueigenda, Félag dúklagna- og veggfóðrara-meistara, Félag skruðgarðyrkjumeistara, Málarameistarafélagið, Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi, Meistarafélag húsmiða, Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði, Meistarafélag Suðurlands, Meistarafélag byggingamanna á Suðurnesjum, Múrarameistarafélag Reykjavíkur og Samtök rafverktaka.

Rauði þráðurinn í starfi síðasta árs var endurskoðun Byggingarreglugerðar. Í tengslum við kjaraviðræður gaf ríkisstjórnin loforð um að endurskoða reglugerðina, mannvirkjalög og skipulagslög í þeirri viðleitni að lækka byggingarkostnað. Þar búa samtökin yfir útfærðum tillögum rýnihóps félagsmanna meðal verktaka, ráðgjafa og meistara sem yfirfóru mannvirkjalögin fyrir nokkru og skiluðu gagnlegri skýrslu.

Mannvirkjaráð SI hefur tekið upp á sína arma útgáfu samræmdra verklýsinga. Ráðið fékk til liðs við sig einstaklinga úr röðum verkfræðinga, verktaka og arkitekta, sem allir hafa reyntslu af miðlægum verklýsingum í Noregi. Nú er unnið að því að mynda samstarf við Framkvæmdasýslu ríkisins til að koma verkefninu af stað.

SI hafa fylgst náið með byggingu íbúðarhúsnæðis síðustu ár. Starfsmenn SI fara tvisvar á ári og telja íbúðir í byggingu. Þessi talning er ein mikilvægasta vísbendingin sem völ er á um framboð af húsnæði.

Bygginga- og mannvirkjasvið hefur staðið fyrir margvíslegum fundum um íbúða- og byggingamál og fræðslufyrirlestrar haldnir um land allt.

**Meistaradeild SI – MSI** fjallar um mál sem snerta heildina og er lögd áhersla á að það sem fram fer á fundunum skili sér til stjórna og annarra aðildarfélaga.

Málefni MSI eru margvísleg en líklega eru Mannvirkjalög og byggingarreglugerð fyrirferðamest.

Iðnaðarlög eru meistarafélögunum ofarlega í huga og leggja félögin þunga áherslu á að lögverndun starfa í byggingariðnaði verði ekki afnumin, eða breytt þannig að hver sem er geti gengið í störf iðnaðarmanna. Meðal annarra mála sem MSI hefur unnið að er að hvetja til að 100% endurgreiðsla af vinnu á verkstað sé tekin upp aftur, útboðsmál og endurskoðun skoðunarhandbóka.

Kjararsamningar reyndust fyrirtækjum í **SART - Samtökum rafverktaka** dýrir. Þeir ollu umtalsverðu launaskriði umfram samninga og settu þannig úr skorðum innra skipulag launamála, ekki síst hjá stærri fyrirtækjum.

Samtökin vinna markvisst að því fylgja eftir verkefnum sem urðu til í stefnumótun SART til ársins 2018. Eitt af þeim ber heitið „Öryggi í fyrirrúmi, burt með vinnuslysin“. Auk þess að setja öryggisnámskeið á dagskrá Rafiðnaðarskólans hefur SART gefið út Öryggishandbók sem er aðgengileg á netinu.

Þá hefur verið komið upp rafrænni gátt þar sem hægt er að tilkynna um rafmagnsslys. SART fagnar þessum mikilvæga áfanga en samtökin hafa talað fyrir því lengi, að finna þurfi leið til að ná utan um fjölda og afleiðingar rafmagnsslysa.

Rafverktakar hafa um áratuga skeið verið í svokölluðu NEPU samstarfi með kollegum sínum á Norðurlöndunum. Fulltrúar samtakanna hittast einu sinni á ári til að ræða málefni er varða greinina s.s. almennt starfsumhverfi fyrirtækjanna, öryggismál, menntamál, eftirmenntun o.s.frv.

SART vinnur markvisst að því að fjölga félagsmönnum og árið 2015 gengu fimmtán ný fyrirtæki til liðs við samtökin.

**Félag ráðgjafarverkfræðinga - FRV** hefur beitt sér fyrir aukinni umræðu um mikilvægi innviðafjárfestinga. Í samstarfi við SI og innanríkisráðuneytið var undirbúin ráðstefna um einkafjármögnun innviðafjárfestinga. Í kjölfarið hefur mikilvægi innviðafjárfestinga fengið aukna athygli og vigt í opinberri umræðu.

Tryggingagjald er FRV þyrnir í augum, enda leggst það þungt á starfsemi þeirra fyrirtækja sem selja vinnutíma og hugvit starfsmanna sinna. Engin umræða var í gangi í haust um lækkuð tryggingagjaldsins þegar stjórn FRV sendi frá sér ályktun. Í kjölfarið hefur umræða aukist og þrýstingur á stjórnvöld. Með SALEK samkomulaginu hyllir loks undir að gjaldið verði lækkað.

Innvistun opinberra fyrirtækja og stofnana er aðildarfyrirtækjum FRV einnig þyrnir í augum en steinninn tekur úr þegar opinberar stofnanir taka þátt í opinberum útboðum í samkeppni við einkaaðila. Á liðnu starfsári fékk FRV lögfræðing SI til að hafa afskipti af nokkrum slíkum tilvikum með ágætis árangri.


Með inngöngu **Samtaka arkitektastofa - SAMARK** og Félags ráðgjafarverkfræðinga má segja að orðið hafi til í fyrsta skipti vettvangur þar sem allir aðilar mannvirkjagerðar, löggiltir meistarar, hönnuðir og verktakar sitja við sama borð og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum. SAMARK hefur lagt lóð á vogarskálar í þessu samstarfi og verið sem dæmi leiðandi í að ýta áfram gerð samræmdra verklýsinga fyrir mannvirkjageirann á Íslandi.

Regluverkið er í stöðugri þróun og SAMARK tekur þátt í umsögn SI um frumvörp til breytinga á lögum og reglugerðum. Samstarf við systursamtök á Norðurlöndum hefur reynst vel í slíkri vinnu og áhersla hefur verið á að viðhalda því samstarfi. Á síðasta ári kom í hlut SAMARK að vera gestgjafi ársfundar norrænu samtakanna í Reykjavík.

Innan vébanda **Mannvirkis** og **Félags vinnuvélaeigenda** eru fyrirtæki sem sinna verktöku. Í upphafi starfsins einskorðaðist verktakan að verulegu leyti við jarðvinnu. Síðan hafa bæst við ýmsir aðrir þjónustubættir, s.s. flutningastarfsemi, vetrarþjónusta og viðhald samgöngumannvirkja.

Saman standa félögin ásamt SI að árlegu Útboðsþingi í upphafi árs. Sannast sagna hafa þingin undanfarin ár verið býsna rýr og lítið um nýframkvæmdir og viðhaldverkefni eru skorin við nögl. Nokkur viðsnúningur var á þinginu í upphafi 2015 en þó hvergi nærri til að seðja verkefnaþörf fyrirtækja í jarðvinnu sem voru búin að heyja harða baráttu fyrir tilveru sinni frá efnahagshruni.

04.12



TÆKNI- OG  
HUGVERKAÐING  
2015

AÐLADANDI ÍSLAND  
FYRIR FÓLK OG  
FYRIRTÆKI Í NÝSKÖPUN



Hugverk og  
þjónusta

Á Hugverka- og þjónustusviði starfa 14 félög tækni- og hugverkafyrirtækja og þjónustugreina. Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Samtök gagnavera, Samtök heilbrigðisiðnaðar, Samtök leikjaframleiðenda, Samtök sprotafyrirtækja, Samtök líftæknifyrirtækja, Samtök upplýsingartæknifyrirtækja og Tannsmiðafélag Íslands. Þar er einnig að finna Prýði sem er samstarfsvettvangur sex fagfélaga, klæðskera- og kjóla-meistara, snyrtifræðinga, hársnyrta, ljósmyndara og gullsmiða.

## Stefnumótun HSV og tækni- og hugverkagreina til ársins 2020

Á árinu 2015 hefur verið unnið samkvæmt nýrri stefnumótun sem fram fór í júní. Niðurstöður fundarins voru settar fram í formi framtíðarsýnar til ársins 2020 sem lýsir árangri, forsendum og helstu áhersluverkefnum sem vinna þarf að.

**Meginmarkmiðið er að Ísland verði tækni- og nýsköpunarland, stórt á sérviðum og að fyrirtækjum og störfum fjölgi með aukna verðmætasköpun, framleiðni og gæði að leiðarljósi.**

Forsendurnar fyrir því eru að til staðar sé aðlaðandi efnahags- og viðskiptaumhverfi, traustir innviðir, hvetjandi og skilvirkt fjármála- og fjármögnunarmhverfi, nýskapandi menntun og mannauður og öflugt samstarf í markaðs- og kynningarmálum. Meðal helstu verkefna er að vinna að hækkun viðmiða við endurgreiðslu R&B, laða að erlenda sérfræðinga til Íslands, koma á frumkvöðlafélögum, hækka framlög til samkeppnissjóða, koma á skattahvötum til hlutabréfakaupa, rýmka heimildir vegna kaupréttarsamninga og leggja áherslu á fyrirmyndar tækni- og tölvumenntun á öllum skólastigum.

**Hátækni- og sprotavettvangur (HSV)**

hefur haldið áfram starfi sínu og fundar reglulega með ráðuneytum til að ræða breytingar og tillögur sem þurfa að eiga sér stað til að bæta starfsumhverfi þessa iðnaðar.

HSV hefur staðið fyrir ýmis konar viðburðum til auka skilning á mikilvægi nýsköpunar, fjárfestingar og uppbyggingar fyrirtækja í nýsköpun til framtíðar. Ber þar helst að nefna Tækni- og hugverkabýing

sem haldið var í desember. Þar komu ólíkir aðilar að borðum og ákváðu sameiginlega þá framtíðarsýn að gera Ísland aðlaðandi fyrir fólk og fyrirtæki í nýsköpun. Kynnt voru tíu áhersluverkefni sem tækni- og hugverkageirinn kom sér saman um að setja í forgang í stefnumótun sl. sumar.

## Tækni- og hugverkagreinar

Félög tækni- og hugverkagreina funduðu reglulega á árinu og unnu ötullega að hagsmunamálum fyrirtækjanna.

**Stjórn Samtaka upplýsingatækni-fyrirtækja - SUT** kom sér saman um að skilgreina tilgang sinn: Að þróa og kynna UT fyrirtæki þannig að UT verði áhugaverðasti iðnaður landsins. Máluð var mynd af framtíðinni þar sem meginþættir voru skilgreindir sérstaklega: Umhverfi fyrir skapandi fólk, regluverk fyrir UT og innra starf SUT sem og áhrif á aðra hópa. Stjórnin stóð fyrir LunchCode fundum í vetur þar sem málefnum iðnaðarins voru gerð góð skil. Einnig var unnið ötullega að hagsmunamálum, s.s. samkeppnishæfni, einföldun og gegnsæi á vsk lögum.

**Samtök gagnavera - DCI** héldu auk reglulegra funda einn stóran fund þar sem farið var yfir helstu málefni iðnaðarins, atriði sem varða gagnaflutning og bandvídd, fasta starfssetu fyrirtækja, raforkulögin og samkeppnishæfni. Meðlimum DCI fjölgaði mikið á árinu og er eitt af áherslumálum að kynna iðnaðinn betur fyrir almenningi.

**Samtök heilbrigðisiðnaðarinnar - SHI** hafa unnið samkvæmt stefnumótun sem gerð var í aðdraganda stofnun samtakanna en margar af þeim tillögum um verkefni sem fram komu þar falla saman við almenna stefnumótun og forgangsverkefni annarra tækni- og hugverkagreina, s.s. áherslan á fjármögnun, skattalega hvata, menntamál, stoðkerfið og hagtolu-gerð. Sértekið verkefni eru hins vegar í formi samstarfs við heilbrigðisstofnanir um þróun á nýjum lausnum, skráningar og leyfisveitingar á lyfjum, CE-merkingar á lækningatækjum, öryggis-, gæða- og útflutningsmál.

**Samtök sprotafyrirtækja - SSP** vinna að hagsmuna- og stefnumálum sprotafyrirtækja og taka virkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar hátækniidnaðar á Íslandi.

Á starfsárinu 2015 var ný framtíðarsýn SSP mótuð til ársins 2020 og skilgreindar forsendur og áhersluverkefni til að koma henni í framkvæmd. Helstu fyrirsagnir í framtíðarsýninni eru: Fjárfesting í nýsköpun skilar framúrskarandi ávöxtun, Aðlaðandi Ísland – alþjóðlegur nafli nýsköpunar og Nýsköpun – meginstoð íslensks efnahagslífs.

**Samtök leikjaframleiðenda - IGI** stóðu fyrir öflugum stefnumótunarfundi í byrjun ársins þar sem ákveðin voru tíu áhersluatriði sem hópurinn vann ötullega í að kynna fyrir stjórnvöldum á árinu. Þar á meðal eru endurgreiðslur á rannsókn og þróun, að breyta skattlagningu umbreyt-anlegra skuldabréfa, auðvelda að fá til landsins erlenda sérfræðinga, skattaávilnun til hlutabréfakaupa og málefni er varða samkeppnishæfni þjóðarinnar.

**Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja - SÍL** héldu fund í vetur um markaðssetningu í Kína og var þátttakan góð og áhuginn mikill. Áhugi samtakanna á Evrópusjóðum er einnig mikill enda er rannsókn og þróun mjög öflug í líftækni hér á landi. Samkeppnishæfni þjóðarinnar er félaginu hugleikin enda keppa aðrar þjóðir um öflug rannsóknarverkefni á þessu sviði.

**Helstu verkefni Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda - SÍK** eru endurgreiðslur á framleiðslukostnaði, samkomulag um fjárlagagerð fyrir 2016, miðastyrkir og höfundarréttur. SÍK hefur einnig verið að vinna að mótun skýrrar menntastefnu enda er, skv. skilgreiningu stjórnar, hlutverk SÍK gagnvart menntamálum kvikmyndaframleiðsluiðnaðarinnar að stuðla að því að greinin hafi yfir nægu fólk að ráða sem býr yfir rétttri þekkingu og leikni í hinum fjölmörgu störfum sem tilheyra henni.

## Þjónustugreinar

Prýði, starfsgreinahópur í þjónustuiðnaði, fundaði reglulega á árinu þar sem rædd voru ýmis hagsmunamál greinarinnar. Svört og ólögleg atvinnustarfsemi er enn mikið vandamál innan þessara greina. Félögin hafa reynt að bregðast við slíku með upplýsingagjöf innan félaganna og bréfum til atvinnurekenda. Fyrirhuguð endurskoðun á iðnaðarlöggjöf-inni er áhyggjuefni enda óljóst hvaða afleiðingar slíkar breytingar hafa í för með sér. Félögin fylgjast grannt með stöðu mála.



Framleiðsla og  
matvæli



## Sameiginlegir hagsmunir

Á framleiðslu- og matvælasviði eru fyrirtæki sem starfa á ólíkum mörkuðum en eiga margt sameiginlegt. Hvort sem fyrirtæki framleiðir matvæli, prentverk, skip, ál, húsgögn eða vélabúnað þá brenna á þeim mál eins og skipulag í framleiðslu, birgðastýring, framleiðni, umhverfisstjórnun, raforkukostnaður og menntamál. Á sviðinu starfa Clean Tech Iceland - Samtök fyrirtækja í grænni tækni, LABAK - Landssamband bakara-meistara, SMK - Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja, Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda, Málmur - Samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, Meistarafélag bólstrara, Samál - Samtök álframleiðenda á Íslandi og SSI -Samtök skipaiðnaðarins. Einnig falla undir sviðið fyrirtæki sem framleiða fjölbreyttar vörur t.d. matvæli, fóður, prentverk, umbúðir, hreinsiefni, textílvörur, eldsneyti, kísilmálm og byggingarvörur, sem og fyrirtæki sem vinna að úrgangssöfnun og endurvinnslu. Áhugi er fyrir því að stofna starfsgreinahópa um textíliðnað og áfengisframleiðslu. Með meiri samvinnu á sviðinu næst aukinn slagkraftur í sameiginleg hagsmunamál og þekking færst milli greina.

## Aukin framleiðni, nýsköpun og stöðugar umbætur

Mörg framleiðslu- og matvælafyrirtæki eru leiðandi þegar kemur að því að beita aðferðum sem auka framleiðni. Framleiðslu- og matvælasvið stóð fyrir fundaröð um framleiðni annan hvern fimmtudag á liðnu hausti en þar tóku til máls fulltrúar framleiðslufyrirtækja á borð við Marel, Össur, Odda, Nóa Sírius, Naust Marine, Actavis, Gámaþjónustuna, Norðlenska, Norðurál, AGR Reynd, Glófa, Á. Guðmundsson, Ölgerðina, Sláturfélag Suðurlands, Ora og Bláa lónið. Tilgangur fundaraðarinnar er að skapa vettvang fyrir flæði hugmynda milli fyrirtækja um aukna framleiðni með því að leggja áherslu á skilvirkt rekstrarumhverfi, þróun og fræðslu. Á fundum var rætt um framleiðslustjórnun og mælingar á framleiðni, gæðastjórnun í framleiðslu, mannaúð fyrirtækja, aðfangastjórnun, umbúðalausnir og greiningu framleiðslukostnaðar.

Á árinu fóru einnig mörg spennandi nýsköpunar- og þróunarverkefni af stað hjá matvæla- og framleiðslufyrirtækjum. Félagsmenn hafa því nýtt sér þekkingu samtakanna á styrktar- og endurgreiðsluferfum.

## Erlent samstarf

Humarpaté eða Paté de Langoustine, var framlag Íslands í Ecotrophelia Europe þar sem háskólanemar keppa í þróun vistvænna matvæla. SI standa fyrir keppninni ásamt samtökum matvælaframleiðenda í fleiri Evrópulöndum. Haldin er samþætting keppni hérlendis og sigurvegarinn tekur þátt í Evrópukeppninni.

Málmur, samtök fyrirtækja í málm og skipaiðnaði, hafa um árabíl verið í öflugum samstarfi við Norðurlönd í gegnum SVAPU samstarf. Að þessu sinni var Málmur gestgjafinn og komu um 40 manns saman í Reykjavík í lok ágúst til að bera saman bækur sínar.

Menntamál eru jafnan fyrirferðarmikil þegar Norræn bakararsamtök hittast en þar eins og hér er skortur á fagfólki í greininni. Þá skipa fulltrúar SI sæti í nokkrum sviðsstjórnunum innan IÐUNN-AR endurmenntun. Stjórn matvæla- og veitingasviðs heimsótti fræðslustofnanir í Stokkhólmi í maí og kynnti sér hvernig staðið er að grunn- og endurmenntun þessara greina þar í landi. Þá heimsótti stjórn prent- og miðlunarsviðs fyrirtæki og menntastofnanir á svið prent- og miðlunargreina í Belgíu og Hollandi.

Íslandsstofa og CleanTech Iceland voru með bás á sýningunni World Efficiency tileinkaðan umhverfisvænum lausnum frá íslenskum fyrirtækjum fyrir sjávarútveg.

## Hvað er íslenskt?

Óljós túlkun á því hvað megi telja íslenska framleiðslu hefur komið upp í ýmsum hópum innan SI, þ.á.m. textíl- og húsgagnaíðnaði og hafa SI ítrekað leitað svara Neytendastofu um hvernig beri að túlka gildandi reglur. Samtök iðnaðarins eiga fulltrúa í starfshópi innanríkisráðuneytisins sem er falið að skoða og meta hvort og þá með hvaða hætti breyta þurfi lögum um óréttmæta viðskiptahætti m.t.t. upprunamerkinga á textílvörum og/eða neytendavörum almennt. Samtök iðnaðarins hafa lengi hvatt til þess að reglur um notkun fánans yrðu rýmkaðar þannig að íslensk framleiðslufyrirtæki gætu prýtt vörur sínar með íslenska fánanum.

Umræðan hefur einnig verið á matvælasviði SI og tóku samtökin m.a. þátt í útgáfu bæklinga, „Frá hvaða landi kemur maturinn?“. Bæklingurinn hefur að geyma leiðbeiningar um hvernig merkja megi uppruna matvæla á einfaldan og

skýran hátt þannig að neytendur þurfi ekki að vera í vafa um hvaðan maturinn kemur.

## Samstarf og viðburðir

Matvælaíðnaði Ísland er samstarfs- vettvangur fyrirtækja og samtaka sem vill stuðla að framförum, nýsköpun og hugmyndaauði á sviði matvæla og vekja athygli á því sem vel er gert. Á ráðstefnu um tækifæri í útflutningi matvæla í maí var vakin athygli á tækifærum til aukinnar verðmætasköpunar í matvælagæiranum og fyrirtæki sem náð hafa árangri með útflutningi miðluðu af reynslu sinni. Á Matvæladegi 2015 hlaut Móðir jörð Fjöreggið sem veitt er fyrir lofsvert framtak á sviði matvæla eða næringar en SI styðja við Matvæladaginn með því að gefa verðlaunagrip.

Dagur íslensks prentiðnaðar fór fram í fyrsta sinn í húsakynnum IÐUNNAR en að honum koma IÐAN, SI og Grafía. Dagurinn samanstóð af fjórum mismunandi námsbrautum þar sem fjöldi skemmtilegra fyrirlesara komu saman og ræddu um málefni prentiðnaðarins.

Sýningin Local Food Festival var haldin í október, á vegum félagsins Matur úr Eyjafirði, þar sem margir af félagsmönnum SI í matvælaíðnaði kynntu vörur sínar og þjónustu. SI voru einn af styrktaraðilum sýningarinnar, jafnframt því að kynna þar starfsemi sína. Af því tilefni var gefinn út kynningarbæklingur um Framleiðslu- og matvælasvið SI.

Álklasinn var stofnaður í júlí og markmið starfsins er að efla samkeppnishæfni með virðisauka fyrir þau fyrirtæki sem eru í klasanum og auka sýnileika, rannsóknir og nýsköpun. Á meðal stofnaðila eru verkfræðistofur, vélsmíðjur, tæknifyrirtæki, málmsteypur, skipafélög, verktaka-fyrirtæki, fjármálastofnanir, rannsókn- og menntastofnanir, auk allra álveranna á Íslandi.

Minni sóun og betri nýting auðlinda var umræðuefni á fundi fólksins í Vatnsmýri, Umhverfisdegi atvinnulífsins í september og Hausráðstefnu Fenú, Hringrás plasts. Þar sögðu framleiðslufyrirtæki frá nýstárlegri endurvinnslu og grænni framleiðslu. Matarsóun var til umfjöllunar í skýrslu sem nefnd á vegum umhverfisráðuneytis gaf út og í framhaldinu var fjallað um möguleika til að draga úr matarsóun á fundum hjá SI.



# Efnahags- og starfsskilyrði

## Kröftugur vöxtur en versnandi samkeppnisstaða

Á flesta efnahagslega mælikvarða var 2015 gott ár. Hagvöxtur ársins verður líklega nærri 4,5% og verður það sjötta árið í röð með tiltölulega góðum hagvexti. Verðbólga var undir markmiði allt árið og hefur verið það samfellt lengur en nokkru sinni fyrr en í skjóli fjármagnshafa. Styrking krónunnar og lækkun olíuverðs vegur þungt en á móti togar hækkandi húsnæðisverð upp verðbólguna. Kaupmáttur óx mikið eða 7,5% sem er ein mesta árlega kaupmáttaraukning sem mælst hefur síðustu áratugi. Laun hækkðu að nafnvirði um tæp 10% en árið einkenndist af miklum kjarasamningsbundnum launahækkunum, sérstaklega í opinbera geiranum.

## Vaxandi spenna


Nokkur spenna er farin að einkenna vinnumarkaðinn. Atvinnuleysi mælist nú undir 2% og fækkaði atvinnulausum um 1.300 á árinu á sama tíma og starfandi hefur fjölgaði um 4.300. Atvinnuþátttaka er með hæsta móti og er nú um 82%. Miðað við þann kraft sem er í efnahagslífinu um þessar mundir má búast við töluverðri fjölgun á erlendu starfsfólki í ýmsum greinum, sérstaklega byggingariðnaði og ferðaþjónustu.

## Krónan styrkist

Gengi krónunnar styrktist umtalsvert á árinu 2015. Í upphafi árs 2015 kostaði evran 153 kr. og dollari 131 kr. Í árslok var evran komin niður í 141 kr. en dollarinn 130 kr. Í heild styrktist krónan um 8% á árinu. Sterkara gengi krónunnar hefur annars vegar haldið aftur af hækkun verðbólgu og hins valdið því að samkeppnisstaða útflutnings- og samkeppnisgreina hefur versnað. Er þetta nokkuð áhyggjuefni og líkur á að samkeppnisstaðan versni enn vegna mun meiri launahækkana hér en í samkeppnislöndum okkar.

## Halli á vöruskiptum en afgangur af þjónustu

Fyrstu ellefu mánuði ársins 2015 voru fluttar út vörur fyrir 578,4 milljarða króna en inn fyrir 599,8 milljarða króna. Halli var því á vöruskiptum við útlönd sem nam 21,3 milljörðum. Á sama tíma árið áður voru vöruskiptin hagstæð um hálfan milljarð. Vöruskiptajöfnuðurinn var því 21,8 milljörðum króna lakari en á sama tíma árið áður. Skýrist þetta m.a.



af auknum innflutningi neysluvara og sterkari stöðu krónunnar. Hins vegar er mikill afgangur af þjónustuviðskiptum við útlönd eða um 45 milljarðar á fyrstu þremur ársfjórðungum síðasta árs. Annars vegar var góður gangur í ferðaþjónustu en sterkar vísbendingar eru um mikinn vöxt í útflutningi á upplýsinga- og hugverkaþjónustu.

## Ólíka staða iðngreina

Í heild sinni vex velta í hagkerfinu um 10% milli árana 2014 og 2015 VSK-skýrslum sé horft til fyrstu 10 mánuðum ársins. Til samaburðar má reikna með að samanlagður vöxtur þeirra greina sem heyra undir Samtök iðnaðarins verði í kringum 15-17% milli árana. Hins vegar er það nokkuð breytilegt milli greina – mikill vöxtur einkennir byggingariðnað og margvíslega tækniframleiðslu á meðan hefðbundin iðnframleiðsla á frekar undir högg að sækja.



Lögfræðileg  
málefni

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

Samtök iðnaðarins veita félagsmönnum ráðgjöf og aðstoð í lögfræðilegum efnum, hvort heldur sem varða sértæk eða almenn álitæfni. Í því felst að fyrirtæki, samtök fyrirtækja eða starfsgreinahópar SI geta leitað til lögfræðings SI þegar lögfræðilegt álitæfni kemur upp. Álitæfnin eru fjölbreytt og geta varðað sértæk álitæfni einstakra fyrirtækja eða málefni starfsgreina eða iðnaðarins í heild.

## Íslensk framléiðsla og upprunamerkingar

### *Breyting á fánalögum:*

Frumvarp til breytinga á fánalögum, sem heimilar notkun íslenska fánans við markaðssetningu á vöru eða þjónustu, var lagt fyrir Alþingi. Samtök iðnaðarins hafa lengi hvatt til þess að reglur um notkun fánans yrðu rýmkaðar þannig að íslensk framléiðslufyrirtæki gætu prýtt vörur sínar með íslenska fánanum. Ágallar voru þó á frumvarpinu sem SI gerðu athugasemdir við. Umsagnir SI um frumvarpið má finna á [www.si.is](http://www.si.is)

### *Starfshópur um upprunamerkingar á neytendavörum:*

Samtök iðnaðarins eiga fulltrúa í starfshóp innanríkisráðuneytisins um upprunamerkingar á neytendavörum sem skipaður var árið 2015. Starfshópnum er falið að skoða og meta hvort og þá með hvaða hætti breyta þurfi lögum um óréttmæta viðskiptahætti m.t.t. upprunamerkinga á textílörum og/eða neytendavörum almennt.

### *Kvartanir til Neytendastofu:*

Á árinu 2015 lögðu Samtök iðnaðarins inn tvær kvartanir til Neytendastofu í tengslum við upprunamerkingar. Fyrri kvörtunin laut að merkingum Drífu ehf. á vörum seldum undir vörumerkinu Icewear, þar sem gefið var til kynna að um íslenska framléiðsluvöru væri að ræða þrátt fyrir að hún væri framleidd í Kína. Síðari kvörtunin laut að auglýsingu Pennans á Fansa húsgögnum sem íslensk húsgögn, þrátt fyrir að húsgögnin séu að megninu til framleidd erlendis.

## Útboðsmál

### *Aðgangur að einingarverðum í útboðum*

Samtök iðnaðarins hafa talið brýnt að fá úr því skorið fyrir dómstólum hvort upplýsingaréttur á grundvelli upplýsingalaga geti náð til afhendingar á m.a. einingarverðum keppinauta í opinberum útboðum. Niðurstaða fékkst í máli Sveitarfélagsins Ölfuss og Íslenska gámafélagsins ehf. þar sem Hæstiréttur féllst á aðgang Íslenska Gámafélagsins að m.a. einingarverðum samkeppnisaðila í opinberu útboði. SI fundaði með fulltrúum Ríkiskaupa, Samkeppniseftirlitinu og ráðuneyta og taldi brýnt að bregðast við þessari niðurstöðu.

### *Frumvarp til breytinga á upplýsingalögum*

Frumvarp til breytinga á upplýsingalögum var lagt fram á Alþingi og gerðu Samtök iðnaðarins umsögn um málið. Í umsögn SI var bent á mikilvægi þess að gera breytingar á upplýsingalögum í tilefni af túlkun úrskurðarnefndar upplýsingamála og Hæstaréttar á ákvæðum upplýsingalaga, m.a. í máli Sveitarfélagsins Ölfuss og Íslenska gámafélagsins.

Umsögn SI má finna á [www.si.is](http://www.si.is)

Drög að frumvarpi til breytinga á lögum um opinber innkaup Starfshópur á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins lagði fram drög að frumvarpi til nýrra laga um opinber innkaup. Þar var lögð til breyting á reglum um trúnaðarskyldu opinbers aðila gagnvart þátttakendum í útboði þar sem komið væri í veg fyrir að m.a. einingarverð í útboðum verði afhent keppinautum í útboðum. Samtök iðnaðarins fagna þessari tillögu starfshópsins í umsögn SI um frumvarpsdrögin.

## Önnur mál sem SI hafa unnið að:

### *Þátttaka opinberra aðila í útboðum*

Samtök iðnaðarins gagnrýndu þá ákvörðun Framkvæmdasýslu ríkisins að velja opinberan aðila, Náttúrustofu Vestfjarða, sem einn af fjórum bjóðendum í lokuðu útboði um umhverfismat vegna ofanflóðavarna á Norðfirði. Samtök iðnaðarins telja að gera verði þá kröfu við slíkar aðstæður að opinber aðili sýni með skýrum hætti fram á að sá hluti rekstrarins sem útboðið tekur til sé fjárhagslega aðskilinn opinberum hluta stofnunarinnar.

### *Greining á virkni og beitingu iðnaðarlaga*

Farið hefur fram greining á virkni og beitingu iðnaðarlaga nr. 42/1978, m.t.t. eftirfylgni laganna, skilvirkni og áhrifa á fyrirtækin í landinu. Af því tilefni var haldinn fundur með formönnum þeirra meistarafélaga sem aðilar eru að Samtökum iðnaðarins þar sem sú vinna var kynnt.

### *Lagabreytingar á árinu 2015 sem SI hefur látið sig varða:*

- Lengri greiðslufrestur á áfengisgjöldum
- Breyting á lögum um náttúruvernd
- Breytingar á efnalögum
- Breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki og setning nýrra laga um stöðugleikaskatt
- Lög um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Heildarlög um ívilnanir til nýfjárfestinga
- Breyting á raforkulögum
- Breyting á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku
- Breyting á vegalögum
- Breyting á umferðarlögum
- Breyting á lögum um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja
- Lög um stofnun hlutafélags um þátttöku ríkisins í kolvetnisstarfsemi

Umsagnir SI er hægt að nálgast á [www.si.is](http://www.si.is)

A large, dark brown wooden log is being processed by a yellow industrial machine. The log is positioned horizontally, and the machine's components, including a large metal wheel and various mechanical parts, are visible. The background is a blurred industrial setting with yellow safety railings. A semi-transparent yellow rectangular box is overlaid on the right side of the image, containing the text "Gæðastjórnun" in white.

Gæðastjórnun

Frá árinu 1997 hafa Samtök iðnaðarins með markvissum hætti veitt einyrkjum og fyrirtækjum á öllum starfssviðum innan samtakanna aðstoð við uppbyggingu gæðastjórnunar.

Fyrstu árin var mikið fyrir hlutunum haft, heimsækja þurfti þá aðila sem vildu þiggja aðstoð og setja tiltekinn gagnagrunn upp í tölvunni hjá viðkomandi. Þetta var tímafrekt því félagsmenn SI eru dreifðir um allt land og fá að sjálfsgöðu sömu þjónustu hvar sem þeir eru staðsettir á landinu. Eins og annað hjá Samtökum iðnaðarins hefur þróun á gæðakerfinu fylgt tækninýjungum. Öll aðstoð og leiðbeiningar fara fram í gegnum tölvutengingar þar sem leiðbeinandi getur séð inn í tölvu viðkomandi og þannig sýnt honum hvernig hlutirnir virka eða með því að bjóða honum að fylgjast með á skjánum í sinni eigin tölvu.

Ástæða þess að SI hófu þessa vegferð var að opinberir verkkaupar fóru að setja kröfur um gæðastjórnun fyrirtækja sem komu að sem birgjar við mannvirkjagerð. Á þeim tíma virtist lítil skilningur á aðferðafræði gæðastjórnunar og kröfurnar voru oft á tíðum ómarkvissar, misvísandi og illskiljanlegar. Þar af leiðandi varð eftirfylgni á sama veg.

Samtökin höfðu frumkvæði að því að stærstu opinberu verkkaupar landsins einfölduðu og samræmdu kröfurnar sem varð til þess að auðvelt var að samræma kröfurnar og gæðakerfið sem auðveldaði SI alla aðstoð og ráðgjöf við félagsmenn sína. Þar með var kominn grundvöllur fyrir námskeiðahaldi sem samtökin stóðu að í samvinnu við áður nefnda verkkaupa. Á næstu þremur árum höfðu rúmlega 500 manns af öllum sviðum mannvirkjagerðar sótt þessi námskeið sem ennþá eru haldin en nú í nafni IÐUNNAR fræðsluseturs.

2011 voru sett ný lög um mannvirkjagerð „Lög um mannvirki“. Þeir sem komu að gerð laganna höfðu auðsjáanlega trú á aðferðafræði gæðastjórnunar því í lögnum er gerð krafa um að iðnmeistarar, byggingarstjórar, hönnuðir og hönnunarstjórar hafi gæðastjórnunarkerfi til þess að öðlast starfsleyfi.

Það má segja að þessi krafa í Lögum um mannvirki sé krafa um gæðastjórnun í mýflugumynd og gengur ekki eins langt og kröfur opinberra verkkaupa hafa gert í næstum tvo áratugi. En lítið er mikið meira en ekki neitt, enda má nú þegar merkja viðhorfsbreytingu til góðrar stjórnunar.

Samtökin hafa um alllangt skeið barist fyrir bættu námi iðnmeistara og byggingarstjóra þannig að nemendur sem útskrifast búi yfir hæfni til að standa fyrir rekstri fyrirtækja og verkefna sem fullnægir kröfum laganna. Nú sér vonandi fyrir endann á þessari baráttu.

Árið 2003 hófu SI að veita fyrirtækjum viðurkenningar fyrir góða stjórnun. Þessar viðurkenningar eru í fjórum þrepum, D, C, B og A og nefnast áfangavottanir SI. Kröfurnar sem liggja að baki þessum viðurkenningum er að finna á vef samtakanna. Þar eru einnig greinar, hljóðglærur og fleira efni tengt rekstri og stjórnun.

Samtök iðnaðarins munu halda áfram baráttu sinni fyrir bættu starfsumhverfi og betri stjórnun sem stóra tækifærinu til aukinnar framleiðni.

Slagorð samtakanna varðandi gæðastjórnun er einfalt en lýsandi fyrir hvað þarf til.

## Í dag getur þú lagt grunninn að góðum morgun-degi ... í stað þess að eyða tímanum í að redda gærdeginum

### Fjöldmörg fyrirtæki hjá SI hljóta vottun

N.Hansen, Ljósgrjafinn, Fagraf, Víkurraf, Vélsmiðja Steindórs, JS Hús, Trefjar, Hagmálun, Uppskipun, Kappar, Rafholt og Sveinbjörn Sigurðsson hafa staðist úttekt á fyrsta þrepi áfangaskiptrar gæðavottunar Samtaka iðnaðarins og hlotið D-vottun. D-vottun er fyrsti hluti gæðavottunarkerfis SI sem tekið er upp í fjórum áföngum. Með því er stefnt að því að gera rekstur fyrirtækja skilvirkari. Í því skyni fer fyrirtækið í gegnum stefnumótun þar sem afkoma hvers verks eða vöru er skilgreind með það að markmiði að auka framleiðni og hagnað fyrirtækisins.

Áfangaskipt gæðavottun SI er aðgengileg aðferð til að bregðast við aukinni samkeppni og hentar þeim sem vilja beita sér til að reka betri og arðvænni fyrirtæki.

#### D-Vottun

Vottun fyrsta þreps (D-vottun) krefst þess að fyrirtæki standist tilteknar lágmarkskröfur um aðgengi að áreiðanlegum upplýsingum um staðreyndir í rekstrinum. Þessar upplýsingar eru undirstaða þess að stíga næsta skref (C-vottun) að undangenginni úttekt og vottun. Fyrirtæki getur óskað sérfræðiaðstoðar við þessa vinnu.

#### C-Vottun

Að lokinni D-vottun má meta hvort fyrirtæki stenst kröfur um C-vottun. Uppfylli fyrirtæki ekki kröfurnar eru gerðar ráðstafanir til úrbóta og síðan er það metið að nýju.

#### B-Vottun

Þegar fyrirtæki hefur öðlast C-vottun hafa verið búin til þau stjórnartæki sem eru forsenda fyrir B- og A-vottun.

#### A-Vottun

A-vottun er staðfesting á því að fyrirtækið sé með skilgreinda og skjalfesta vinnu og verkferla sem byggja á viðurkenndum aðferðum við rekstur og stjórnun. Þau fyrirtæki, sem ná A-vottun, eiga mjög skammt í að fullnægja hinum alþjóðlega gæðastaðli ISO-9000:2000.



Umhverfis-  
og orkumál



Mikill áhugi er á umhverfismálum meðal félagsmanna SI. Loftslagsmál og endurvinnsla eru mál dagsins enda eru krefjandi áskoranir sem fyrirtæki standa frammi fyrir því Ísland hefur skuldbundið sig til að ná metnaðarfullum markmiðum í umhverfismálum. Þjóðir heims komu sér saman um að ná tókum á útstreymi gróðurhúsalofttegunda á COP21 í París. Auk þess hafa metnaðarfull markmið verið sett um aukna endurvinnslu á öllum sviðum.

En öllum áskorunum fylgja tækifæri. Fyrirtæki bera mikla ábyrgð á að leggja sitt af mörkum til að minnka losun frá sinni starfsemi. Heimurinn kalla eftir tæknilausnum sem minnka kolefnisspor. Hér á landi getur byggst upp þekkingargeiri í grænum lausnum með öflugan útflutning. Opinberir aðilar geta markvisst stuðlað að því að græn tækni vaxi sem atvinnugrein, bæði meðal nýrri og eldri fyrirtækja. Samstarf er mikilvægt, enginn leysir þessi flóknu mál einn. Opinberir aðilar eiga að nýta sér sköpunarkraftinn hjá einkaaðilum og taka nýjum viðskiptamódelum og tækni fagnandi.

Umhverfismál voru víða til umræðu á fundum sem samtök in komu að. Á fundi fólksins í Vatnsmýri síðasta sumar var málstofa þar sem endurvinnsla og orkunýtni var rædd. Þar var sagt frá því hvernig Hlaðbær-Colas endurvinnur malbik og Oddi sagði frá endurvinnslu á plasti og pappa. Á Umhverfisdegi atvinnulífsins í september var málið tekið upp áfram og rætt um græna framleiðslu, verðmæti í úrgangi og um tækifæri til atvinnusköpunar í grænni tækni. Á Haustráðstefnu Fenúr – Fagráð um endurvinnslu og úrgangsmál, var hugað sérstaklega að plasti, hvernig hægt er að koma í veg fyrir að plast endi í náttúrunni með góðu skipulagi á söfnun, endurvinnslu og endurnýtingu plasts. SI á fulltrúa í stjórn Úrvinnslusjóðs og þar var unnið að breytingu á reglum til að auðvelda söfnun á plastúrgangi frá heimilum og breyttu fyrirkomulagi á framleiðendaábyrgð á raftækjum.

Matarsóun er alvarlegt vandamál alls staðar í heiminum. SI tóku þátt í starfshópi á vegum umhverfisráðuneytisins sem miðaði að því að draga úr matarsóun. Hópurinn gaf út skýrsluna: Matarsóun – tillögur til úrbóta, sem umhverfisráðherra kynnti á Degi umhverfisins í apríl. Í ágúst stóðu SI fyrir fundi í samstarfi við SVP og GSÍ Ísland þar sem Databar strikamerkið var kynnt fyrir félagsmönnum og þeir möguleikar sem það býður upp á, m.a. til að draga úr matarsóun.

Nýir orkugjafar í samgöngur eru nauðsynlegir eigi að takast að minnka losun gróðurhúsalofttegunda frá umferð. SI á fulltrúa í stjórn Grænu orkunnar sem vann að skýrslu um þróun orkuskipta í samgöngum. Aðgerðir sem gripið hefur verið til s.s. skattávilnanir og söluskylda fyrir endurnýjanlegt eldsneyti, eru farnar að skila árangri í aukinni hlutdeild endurnýjanlegs eldsneytis í samgöngum. Hafið er vettvangur þar sem unnið er að nýtingu á grænni tækni sem tengist hafinu og verndun þess. SI og CleanTech Iceland munu, með Hafinu og Grænu orkunni, vinna að framgangi aðgerðaráætlunar ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum á næstu árum.

Umhverfisvænar lausnir voru í brennidepli á World Efficiency sýningunni sem haldin var í París í aðdraganda COP21. Íslandsstofa og CleanTech Iceland voru með bás á sýningunni til einkaðan lausnum frá íslenskum fyrirtækjum fyrir sjávarútveg. Lausnirnar byggja m.a. á betri orkunýtingu, minni olíunotkun og betri hráefnisnýtingu.

SI hefur aðstoðað félagsmenn sína sem vinna að innleiðingu á nýrri tækni en slíkt getur kallað á skoðun á viðeigandi regliverki og afstöðu opinberra aðila til verkefnisins. Sem dæmi um slík verkefni má nefna litla brennsluofna sem sláturleyfishafar nota til að eyða áhættuúrgangi og nýstárlega tækni til að framleiða olíu úr plastúrgangi.



## Menntun og mannauður

Menntun er forsenda bættra lífskjara, enda er vel menntað og þjálfað starfsfólk grunnur að samkeppnishæfni fyrirtækja og liður í því að auka framleiðni þeirra. Mikilvægt er því að menntastefna sé í takt við atvinnustefnu þjóðarinnar til að tryggja verðmætasköpun í samfélaginu.

Menntamál brenna á fyrirtækjum í iðnaði enda er vel menntað starfsfólk á öllum sviðum forsenda aukinnar framleiðni og velferðar. Mörg fyrirtæki skortir fagmenntað og sérhæft starfsfólk á öllum skólastigum sem takmarkar afkastagetu þeirra. Nýliðun í ýmsum greinum verður framtíðarvandi atvinnurekenda.

## Menntastefna

Atvinnurekendur vilja axla ábyrgð og því er áhersla á umræðu um samfélagslegar skyldur fyrirtækja og mikilvægi þess að taka þátt í að mennta iðnnema. Þannig munu þekkingarfyrirtæki í iðnaði njóta bæði reynslu eldri og reyndari starfsmanna og nýrrar og frjórrar hugsunar nemanna.

- SI leggur áherslu á menntamál til að stuðla að bættu aðgengi fyrirtækja að hæfum starfskrafti.
- Að menntastefna sé í takt við atvinnustefnu - þ.e. greina framtíðarþarfir atvinnulífs og samfélags fyrir hæfni og þekkingu fólks á vinnumarkaði.
- Stuðla að virku samstarfi við ráðuneyti menntamála, skólastiganna allra og annarra hagsmunaaðila.
- Auka hlutfall nemenda sem velja raunvísindi og tæknigreinar (STEM) á háskólastigi.
- Stuðla að öflugum framboði náms á fagháskólastigi sem tryggir fagmenntað fólk í alla þætti iðnaðarins.
- Auka áhuga á iðn-, verk- og tæknigreinum þannig að 30% grunnskólanema velji starfsmenntun árið 2030.

Áhugaverð tækifæri eru fyrir ungt fólk að velja iðn-, verk- og tæknimenntun og er eftirspurn eftir öflugum einstaklingum á þessu sviði mikil, ekki aðeins hérlandis heldur einnig á alþjóðavísu. Samtökin eru meðal bakhjarla Háskólans í Reykjavík og Tækniskólans – skóla atvinnulífsins, eiga aðkomu að stjórn og vilja þannig tryggja fyrirtækjum aðkomu að uppbyggingu skóla bæði á framhalds- og háskólastigi.

IDAN fræðslusetur og Fræðslumiðstöð rafiðnaðarins eru rekin af Samtökum iðnaðarins í samvinnu við önnur atvinnurekendafélög og launþegasamtök. Þá er aðkoma samtakanna að framhaldsfræðslunni og þá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í gegnum SA. SI starfa með hagsmunaaðilum og stjórnvöldum að framgangi menntamála í landinu.

## Sáttmáli um eflingu vinnustaðanáms

Eitt hlutverka Samtaka iðnaðarins er að stuðla að því að fyrirtæki í iðnaði, sem starfa á Íslandi, hafi yfir að ráða framboði af vel menntuðu starfsfólki sem býr yfir góðri reynslu og réttri hæfni.

Í reglubundinni könnun SA, SÍ og Gallups kemur fram í lok árs að skortur væri á starfsfólki í 28% fyrirtækja.

Samtök iðnaðarins hafa á liðnu ári brugðist við þessu með sáttmála um eflingu vinnustaðanáms. Í stefnu SI um menntun með sérstaka áherslu á iðn-, verk- og tæknimenntun sem kynnt var á síðasta ári sögðust fyrirtækin okkar vilja axla ábyrgð og var þar fyrst og fremst verið að vísa til vinnustaðanámsins.

Fleiri en 170 fyrirtæki hafa staðfest sáttmálann um eflingu vinnustaðanáms en með honum lýsa fyrirtækin yfir vilja til að auka aðgengi nemenda að vinnustaðanámi í fyrirtækjum til að efla og bæta iðn-, verk- og tæknimenntun ungs fólks. Sérstaklega er lögð áhersla á að taka vel á móti nemum, bjóða nemum samning um vinnustaðapláss og skrá lausar nemastöður.

Sáttmálinn er liður í því að styðja fyrirtæki til þess að þróa þekkingu innan sinna raða sem uppfyllir þá samfélagslegu skyldu sem lögð er á fyrirtæki um að taka virkan þátt í því að kenna unga fólkinu sem mest og best. Þau fyrirtæki sem staðfest hafa sáttmálann munu fá reglulega fræðslupósta frá SI þar sem leitast verður við veita upplýsingar um þætti eins og hlutverk fyrirtækisins við móttöku nema, hvaða verkefni neminn á að öðlast og hvaða leiðir fyrirtækið getur farið til að tryggja að svo verði.

Samtökin vilja á sama tíma eiga gott samstarf við framhaldsskóla landsins, menntun er verkefni sem krefst aðkomu skólanna og fyrirtækjanna og mikilvægt að við sem lítil þjóð séum lausnamiðuð og hagsýn um leið og við tryggjum nemendum samkeppnishæfa menntun.

## Margvísleg verkefni á sviði menntunar

Samtök iðnaðarins hafa frumkvæði að, styrkja eða styðja við margvísleg verkefni á sviði menntamála. Flest til þess ætluð að vekja áhuga ungs fólks á iðn- verk og tækninámi. Má þar nefna verkefni eins GERT – grunnmenntun eflað í raunvísindum og tækni, Íslandsmót iðn- og verkgreina, Boxið – framkvæmdakeppni framhaldsskólanna, Tækniáhuga, Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda, Forritara framtíðarinnar og Stelpur og tækni.



Nýsköpun

## Nýsköpun styrkir framþróun. Við vinnum að nýsköpun í allri sinni fjölbreytni

Markmið SI er að Ísland sé í fremstu röð þegar kemur að nýsköpun og því setjum við okkur skýr mælanleg markmið um að: **Ísland verði orðið meðal fimm efstu landa í European Innovation Scoreboard og Global Innovation Index árið 2020.**

Samtök iðnaðarins vilja að starfsumhverfi fyrirtækja á Íslandi sé alþjóðlega samkeppnishæft og það hvetji til nýsköpunar og fjárfestingar í þróun og uppbyggingu fyrirtækja á sem flestum sviðum.

Íslenskt fjármálaumhverfi þarf að komast í fremstu röð með samfellda þjónustu og lausnir í takti við þarfir fyrirtækja, allt frá frumstigi til úrvalsdeildar á alþjóðlegum markaði. Afnáam gjaldeyrishafta á starfsemi fyrirtækja og stöðugleiki í gjaldeyrismálum eru mikilvægar forsendur þess að fyrirtæki á alþjóðlegum markaði geti haft höfuðstöðvar á Íslandi.

Samtök iðnaðarins hvetja stjórnvöld til að halda áfram að efla nýsköpunarumhverfið þannig að það standist samkeppni við lönd sem ganga hart fram í að laða til sín framsækin fyrirtæki og fólk í nýsköpun.

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á faglegt mat við forgangsröðun verkefna sem njóta stuðnings hins opinbera og tala fyrir kröfum um að verkefni miði að því að skapa afurðir og betri lausnir sem fela í sér verðmætasköpun, útflutning og hagsæld fyrir land og þjóð.

Samtök iðnaðarins leggja sitt af mörkum til að hvetja til nýsköpunar- og klasasamstarfs fyrirtækja í ólíkum greinum bæði hér heima og alþjóðlegum vettvangi.

Samtök iðnaðarins hvetja til betri stjórnunar, verklags og aukinnar framleiðni á öllum sviðum atvinnulífs og í stjórnsýslu m.a. með aðferðum á gæða- og straumlínustjórnunar.

Með því að starfrækja formlegan samstarfsvettvang atvinnulífs og stjórnvalda um nýsköpunarmál má stuðla að hraðari og vandaðri framgangi umbótaverkefna í starfsskilyrðum atvinnulífs.

### Mælanleg markmið SI í nýsköpunarmálum:

Aukin nýsköpunarvirkni í sem flestum starfsgreinum innan SI og betri þjónusta fyrir minna fé í starfsemi ríkis- og sveitarfélaga m.a. með útvistun verkefna og PPP-þróunarsamstarfi. Aukin nýsköpunarvirkni skili mælanlegum árangri í veltu, framleiðni, starfsmannafjölda, verðmætasköpun og útflutningi fyrirtækja í sem flestum greinum. Árangur sé mældur reglulega af Hagstofu Íslands, hagtölugerð um íslenskt atvinnulíf verði eflid og leitað alþjóðlegs samanburðar þar sem það á við.

Nánar á [www.si.is](http://www.si.is)



Framleiðni

Aukin framleiðni er grunnur verðmætasköpunar. Við vinnum að framleiðni- aukningu með áherslu á skilvirkt rekstrarumhverfi, þróun og fræðslu.

Markmið SI er að auka framleiðni og setjum við því skýr mælanleg markmið um að: **ná framleiðnivexti upp fyrir 2% á ári.**

Aukin framleiðni er forsenda betri afkomu fyrirtækja og bættra lífskjara almennings. Framleiðni á hverja unna vinnustund á Íslandi er undir meðaltali OECD-ríkjanna en vegið er upp á móti með mikilli vinnu. Árlegur raunvöxtur framleiðni hefur verið um 1,3% undanfarin ár. Ef við ætlum okkur að vera í fremstu röð og standast samkeppni við aðrar þjóðir þarf framleiðnivöxtur okkar að vera umtalsvert meiri.

Með hagfelldum starfsskilyrðum, betri stjórnun, nýsköpun og vel menntuðu starfsfólki, sem drifið er áfram af ýrri hugsun, má tryggja stöðu Íslands í fremstu röð. Samtök iðnaðarins vilja leggja sitt af mörkum til þessi sýn geti orðið að veruleika. Sérstök áhersla verði lögð á vitundarvakningu um mikilvægi framleiðni og markmið sett um að ná framleiðnivexti upp fyrir 2% á ári.

#### Framleiðni kemur innan frá

Uppspretta aukinnar framleiðni liggur í starfsemi fyrirtækja og stofnana. Stjórnun og skipulag gegnir þannig lykilhlutverki um að markmið um aukna framleiðni náist. Í því ljósi vilja samtökin:

- Efla núverandi aðferðir sínar við þjónustu, ráðgjöf og aðstoð við félagsmenn sína varðandi góða stjórnun. Félagsmenn SI hafi aðgang að gæðakerfi og viðeigandi ráðgjöf.
- Leggja sérstaka áherslu á framleiðslustjórnun sem tækifæri til framleiðniaukningar.
- Að úttektir og áfangavottanir SI verði viðurkenndar á útboðsmarkaði sem mælikvarði á stjórnunarleg gæði.
- Leggja áherslu á að auka og efla námsframboð og gæði varðandi rekstrar- og framleiðslustjórnun á framhaldsskólastigi.

# Nýir félagsmenn SI

Í lok árs voru félagsmenn SI 1.362. Stjórn Samtaka iðnaðarins veitti 32 fyrirtækjum beina aðild á árinu og eru þau þessi:

Halldór Jónsson  
Opin kerfi hf.  
ARK Technology ehf.  
Locatify ehf.  
Síminn hf.  
BG HÚS OG HÖNNUN ehf.  
Byggingafélagið Afibyggir ehf.  
Fjarskipti hf.  
Íslensk verkmiðlun ehf.  
Ísgátt tækniþjónusta ehf.  
J.T. Trésmíði slf.  
ARTPRO ehf.  
AZAZO hf.  
Dawid Smiður ehf.  
MT Höjgaard Iceland ehf.  
KK Consulting slf.  
Rosamosi ehf.  
Solid Cloud Games ehf.  
Radiant Games ehf.  
Málningarþjónustan hf.  
Ögurhvarf ehf.  
Stangarlækur 1 ehf.  
Lostæti-Austurlyst ehf.  
Hátindur ehf.  
Outcome kannanir ehf.  
LNS Saga ehf.  
Prentmet ehf.  
Infuse ehf.  
Mure ehf.  
Kúla 3D ehf.  
Saumastofa Íslands ehf.  
Ístak Ísland ehf.

## Félag blikksmiðjueigenda

Rafblikk ehf.

## Félag hársnyrtimeistara

Adell ehf.  
Janey ehf.  
Rakarastofa Akureyrar ehf.  
Hárkompan ehf.

## Félag íslenskra snyrtifræðinga

Snyrtistofa Fríðu  
Dekurstofan Dagný  
Snyrtistofan Lind ehf.  
Snyrtistofan Afródíta ehf.

## Félag skrúðgarðyrkjumeistara

Ingibjörg Sigurðardóttir  
Sumargarðar ehf.  
Draumagarðar ehf.

## Félag vinnuvélaeigenda

GSG ehf.

## Landssamband bakarameistara

Bakarinn ehf.

## Málrameistarafélagið

Actacor ehf.  
K.C. Málun ehf.  
Litríkur slf.  
Verkfar ehf.  
GG málarar ehf.  
Gæðamálverk ehf.  
Málco ehf.  
Verkfar ehf.  
Málmur  
N.Hansen ehf.

## Meistarafélag byggingamanna Norðurlandi

Jón Valgeir Baldursson  
Málningarmiðstöðin ehf.  
Trésmíðjan Stígandi ehf.  
Áveitan ehf.  
Trémál ehf.  
HeiðGuðByggir ehf.  
JVB-Pípulagnir ehf.

## Meistarafélag byggingamanna Suðurnesjum

AHA verk ehf.

## Meistarafélag bólstara

Bólstrun Ásgríms Þ. Ásgríms ehf.

## Meistarafélag iðnaðarmanna Hafnarfirði

Guðni Þór Þorvaldsson  
Heilbrigð hús ehf.  
HJ 13 ehf.  
Vesturhlíð ehf.  
Streymir ehf.

## Meistarafélag hársnyrta

Auðvelt ehf.

## Meistarafélag Suðurlands

AKRÝLMÁLUN ehf.

## Múrarameistarafélagið

LP-Verktak ehf.

## Meistarafélag húsasmiða

Jón Kristján Ólason  
Viðhald og endurbætur  
Pétur Haraldsson  
Kjartan Felixsson

## Samtök rafverktaka

Ólafur Hans Guðnason  
Straumkul ehf.  
Rafgæði ehf.  
Raftvistur ehf.  
HP Raf ehf.  
Rafmagnsverkstæði Andrésar ehf.  
Fagraf ehf.  
Rafdreifing ehf.  
Elmax ehf.  
Rafþekking ehf.  
ei-X ehf.  
Rafmiðlun hf.  
Dyrasímar ehf.

## Samtök arkitektastofa

Arkitektar Laugavegi 164 ehf.  
Landmótun sf.  
Form ráðgjöf ehf.

## Samtök skipaiðnaðarins

Rafnar ehf.

## Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda

Númer 9 ehf.



Reykjavík, 28. Janúar 2016

# Sáttmáli um eflingu vinnustaðanáms

Við staðfestum einlægan vilja til að auka aðgengi nemenda að vinnustaðanámi í fyrirtækjum.

Þannig eflum við og bætum iðn-, verk- og tæknimenntun ungs fólks. Þannig stuðlum við að því að nemendur öðlist góða menntun sem stenst alþjóðleg viðmið og opnar fjölmargar dyr.

Um leið styrkjum við stöðu atvinnulífsins og sköpum ný tækifæri til framtíðar.

Fyrir hönd samtaka iðnaðarins.



*Alf*  
*Kári*  
*Jónas J.*  
*Þorvaldur Þorsteinsson*  
*Abir Ben*  
*Sylvia*

Yfir 160 fyrirtæki í iðnaði lýsa sig reiðubúin til að taka nema á samning.

Kynntu þér málið á [si.is/sattmali](http://si.is/sattmali).

**SI**

Aðalmúr - GK snyrtistofa - Alcoa Fjarðará - Aleflí byggingaverktakar - Alexander Arnarson - Allraverk - Almarsbakari - Á. Guðmundsson - Árvirkinn - Benni pípari - Berggraf - Bergsmiði - Bergur Ingi Arnarson - Aðalvík - Björns bakari - Bliksmiðja Guðmundar - Bliksmiði - Byggingarfélagið Hyrna - Bústólpi - Bær Byggingafélag - Carbon Recycling International - Comfort snyrtistofa - Dekur snyrtistofa - Dóddi máleri - Elektro CO - Elektrus - Elkem - Eltech - Enorma - Esja Gæðafæði - Fagsmiði - Fjarðarmótt - Fjarðarsmiði - Flötur - Frostmark - G. Skúlason Vélaverkstæði - G.M. Einarsson - Gaflarar - Garðvík - Geosilica Iceland - Glugga og hurðasmíða SB - Greiðan hárgreiðslustofa - GT Tækni - Guðni Guðjónsson - Viðvík - Gyðjan snyrtistofa - H. Arnason - H-3 - Hagmálun - Hampiðjan - Harald og Sigurður - Hársnyrtistofan Medulla - Hástigur - Heilbrigð húsi - Héðinn - Húsbygging - IAV - Isaga - Íslenska kalkþörungafélagið - Ísloft Blikk & Stálsmiðja - Ístak - Jáverk - Jón Svavar V Hinriksson - JS-hús - Járnsmíða Öðins - JSÓ - JVB-Pípulagnir - Kaffitár - Katla - Kjarnafæði - Kjörís - K-TAK - Lagnþjónusta Suðurnesja - Launafl - LEE Rafverktakar - Lipurtá - Litaland - Litalausnir - Litamálun - Litbrigði - Límtré Vírnet - Ljósjaflinn - Ljósmyndir Rutar - Ljósvalkinn - Lööðalausnir - LNS Saga - Marel - Malaraverktakar - Málco - Málsmestypan Hella - Meitill - Miðás - Miðstöð - Mótt - Múr- og terrazzolagnir - Múrdeildin - Múrlína - N.Hansen - Nesraf - Norðlenska - Norðurál - Oddi - Okkar bakari - Olludreifing - Pípulagnir Samúels og Kára - Prentmet - Prentsmiðjan Eyrún - Rafal - Rafeyri - Rafholt - Raflox - Rafmagnsverkstæði Andrésar - Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts - Rafmenn - Rafmiðlun - Rafmúli - Rafstöð Djúpvavogs - Raftaug - Raftækjasalan - Rafver - Rafverkstæði IB - Rafvirki - Rafþekking - Rafþjónustan - Rásin - Reynir bakari - Rosamosi - RST Net - Sagafilm - SAH Afurðir - Samey - Saumsprettan - SI raflagnir - Sigurgeir Svavarsson - Sild og fiskur - Skipasmíðastöð-Njarðvíkur - Skipavík - Sláturfélag Suðurlands - Snyrtimíðstöðin - Snyrtistofa Ágústa - Snyrtistofan Alda - Snyrtistofan Dimmalimm - Snyrtistofan Helena fagra - Sólóhúsgögn - SS Byggir - Stálsmiðjan - Framtak - Stelkur ehf - Stjórn Oddi - Stjórnsmálun - Straumvirki - Svansprent - Tannsmiðjan Króna - Teknis - Tengill - Timadjásn - Trésmiðjan Akur - Trésmiðjan Rein - Tréverk - Vélsmíða Ólafs R.Guðjónssonar - Vélsmíða Suðurlands - Vélsmíða Steindórs - Vélvík - Viðmið - Vikurféttir - Þingvangur - Ölur trésmíða - Örtækni

# Starfsmenn Samtaka iðnaðarins í árslok 2015



**Almar Guðmundsson,**  
framkvæmdastjóri



**Jón Bjarni Gunnarsson,**  
aðstoðarframkvæmdastjóri



**Árni Jóhannsson,** forstöðumaður  
Mannvirkja, -málm og véltækni sviðs



**Ásbjörn Jóhannesson,**  
forstöðumaður Rafiðnaðarsviðs



**Bjarni Már Gylfason,**  
hagfræðingur



**Bryndís Skúladóttir,**  
forstöðumaður umhverfismála



**Davíð Lúðvíksson,** forstöðumaður  
stefnumótunar og nýsköpunar



**Ferdinand Hansen,**  
verkefnastjóri gæðamála



**Friðrik Á. Ólafsson,**  
forstöðumaður Byggingasviðs



**Katrín Dóra Þorsteinsdóttir,**  
forstöðumaður hugverkaiðnaðar  
og mannaúðs



**Björg Ásta Þórðardóttir,**  
lögfræðingur



**Elínros Línal Ragnarsdóttir,**  
viðskiptastjóri Hugverka- og þjónustusviðs



**Jóhanna Klara Stefánsdóttir,**  
viðskiptastjóri Framleiðslu- og matvælasviðs



**Ragnheiður Héðinsdóttir,**  
forstöðumaður Matvælasviðs



**Rakel Pálsdóttir,**  
forstöðumaður almannaþengsla



**Magnús Kári Ingvarsson,**  
meistaranevi í starfsþjálfun



**Viktoría Ólafsdóttir,**  
meistaranevi í starfsþjálfun



**Halla Kristín Guðfinnsdóttir,**  
meistaranevi í starfsþjálfun



**Inga Valgerður Stefánsdóttir,**  
meistaranevi í starfsþjálfun

